kjarninn

38. útgáfa – 8. maí 2014 – vika 19

+ Nýtt húsnæðiskerfi stjórnvalda að danskri fyrirmynd


+ Danskt sjónvarpsefni slær í gegn á heimsvísu

+ Framtíð barnanna í húfi segir Auður Jónsdóttir



ÍSLAND VERÐI BATTERÍ BRETA

38. ÚTGÁFA
Efnisyfirlit
8. maí 2014 – vika 19



MENNTAMÁL

Áhrifamaður í íslensku atvinnulífi kvartaði til yfirmanna Jóns Steinssonar vegna skrifa hans



LÍBANON

Tveir flóttamenn koma til Líbanon frá Sýrlandi á hverri mínútu



SJÓNVARP

Framkvæmdastjóri Mentor veitir heilræði fyrir frumkvöðla

Útrás danskra sjónvarpsþátta

Dönsk sjónvarpsþáttaframleiðsla er orðin að verðmætri útflutningsvöru á undanförnum árum.

Góður hugur en sjáanlegar brotalamir

Róttækar breytingar á húsnæðiskerfinu hafa verið lagðar fram. Þær munu verða mjög umdeildar.

Hversu miklu er hægt að stela af börnum?

Auður Jónsdóttir veltir fyrir sér hversu miklu sé hægt að stela frá börnunum sínum.

NBA tekst á við kynþáttaníð eiganda

Almannatengslasérfræðingur greinir viðbrögð við rasískum ummælum Donalds Sterling.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

„Það skiptir öllu máli að hafa góðan bakhjarl“

Landsbankinn vill vera hreyfiafl í atvinnulífinu og leggur áherslu á að veita fyrirtækjum um land allt vandaða sérfræðiráðgjöf og bestu fjármálaþjónustu sem völ er á.





kjarninn 8. maí 2014

Fórnir fyrir komandi kynslóðir

Magnús Halldórsson skrifar um skammsýni, langtímasýn og fórnir fyrir komandi kynslóðir.

Eitt af því sem kalla mætti galla á því lýðræðisfyrirkomulagi sem við höfum komið okkur upp er innbyggð skammsýni. Stjórnmálamenn sækja sér umboð frá kjósendum til fjögurra ára í senn en það er ekki nóg til þess að gera varanlegar og vel ígrundaðar breytingar. Mario Draghi, forseti bankaráðs Seðlabanka Evrópu, er stundum kallaður mikilvægasti stjórnmálamaður Evrópu í erlendum fjölmiðlum af þessari ástæðu. Stjórnmálamenn hafa komið og horfið jafnharðan í Evrópu á undanförnum árum, ekki síst í Suður-Evrópu, án þess að stærstu vandamálin hafi verið leyst.

Af þessum ástæðum hafa spjótin beinst að Seðlabankanum og ýmsum alþjóðastofnunum; þar eru línurnar lagðar í stórum málum oft á tíðum. Hér á landi er stundum rætt um að þjóðir Evrópu séu að framselja fullveldi til alþjóðastofnana eins og Evrópusambandsins (ESB), með þátttöku í alþjóðasamstarfinu í gegnum formlega aðild að ESB.

Vandinn mun fremur vera pólitískt óþol kjósenda í erfiðum aðstæðum. Það gefst einfaldlega ekki tími til þess að búa til langtímasýn út úr vandræðum.

Langtímasýnin getur orðið til

Viðskiptaráð var gagnrýnt mikið í kjölfar hrunsins fyrir viðhlæjendahlutverkið sem ráðið var í gagnvart því jafnvægisleysi sem einkenndi íslenska fjármálakerfið og hagkerfið í heild. Þetta var réttmæt gagnrýni. Ólíkt mörgum öðrum samtökum – svo ekki sé talað um stjórnmálamenn – baðst ráðið afsökunar á ofmati sínu á eigin ágæti með formlegum hætti. Þetta var virðingarvert og til fyrirmyndar. Síðan hefur ráðið leitt mikilvæga sérfræðivinnu, með hjálp ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey. Formlegum samráðsvettvangi stjórnmálamanna, fræðimanna, atvinnurekenda, verkalýðshreyfingarinnar og sérfræðinga úr atvinnulífinu var komið á og ítarleg vinna sett af stað. Markmið þessarar vinnu má setja fram sem vopn gegn innbyggðum galla lýðræðiskerfisins; það er að marka langtímasýn til að tryggja betri lífskjör sem er hafin upp fyrir pólitískt þras, skammtímamiðaða vinnu. Þessi sýn getur orðið til ef stjórnmálamenn láta kné fylgja kviði og beygja sig undir þessa mikilvægu aðferðafræði.

„Í eðli sínu er hið siðferðilega vandamál skammtímasýnarinnar á vettvangi stjórnmálanna svipað innbyggðum galla við bónusgreiðslukerfi í bankageiranum.“

Eins og bankabónusarnir

Í eðli sínu er hið siðferðilega vandamál skammtímasýninnar á vettvangi stjórnmálanna svipað innbyggðum galla við bónusgreiðslukerfi í bankageiranum. Í mörgum fjármálafyrirtækjum hafa bónuskerfi verið byggð upp í samhengi við stærð samninga, rekstrarafkomu í samtímanum, fremur en að horfa til þess endurheimta á löngum tíma. Þarna verður til hvati sem sérfræðingar hafa sumir hverjir fullyrt að sé rótin að röngum og of áhættusæknum ákvörðunum, hvorki meira né minna. Þar á meðal er einn virtasti hagfræðingur heims

og fyrrverandi aðalhagfræðingur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Simon Johnson. Bankamenn þurfa að klára rökræðuna um þessi mál og vera opnir fyrir því að hugsanlega sé núverandi fyrirkomulag á alþjóðlegum fjármálamörkuðum með innbyggðan veikleika; skammtímasýn í stað langtímasýnar.

Pólitík og sérfræðiþekking

Ísland stendur enn frammi fyrir miklum vandræðum eftir hrun fjármálakerfisins og gjaldmiðilsins. Skammtímalækningar duga ekki til þess að leysa málin og engin auðveld lausn er til, sökum hárra opinberra skulda, fjármagnshafta og skuldbindinga í erlendum gjaldeyri. Aðeins langtímasýn getur leitt þjóðina út úr ógöngunum og áfram í átt til betri lífskjara.

„Þessi sýn getur orðið til ef stjórnmálamenn beygja sig undir þessa mikilvægu aðferðafræði.“

Engar æfingar munu duga, engir galdrar. Þótt sjaldan sé á það minnst er til staðar tækifæri til þess að leggjast yfir vandamálin og setja komandi kynslóðir framar þeirri sem er með vandamálin í höndunum. Það er oft þungbært fyrir stjórnmálamenn að gefa vinsældir sínar eftir með langtímahagsmuni þjóðarinnar í húfi. En nákvæmlega þetta er staðan á Íslandi. Stjórnmálamenn hafa komið og farið, vinsældir ýmist vaxa hratt eða hrynja. Pólitísk kreppa er viðvarandi á meðan ekki er gerð minnsta tilraun til þess að endurskilgreina hið pólitíska starf út frá langtímasýn, hagsmunum komandi kynslóða.


Vettvangurinn er til staðar

Vettvangurinn sem skapaður hefur verið, eftir frumkvæði Viðskiptaráðs, er merkileg tilraun til þess að upphefja stjórnmálastarfið úr skammsýninni yfir í langtímasýnina. Þetta starf fór af stað af miklum krafti en betur má ef duga skal. Úthaldið í vinnunni ætti að vera drifið áfram af mikilvægi langtímasýnarinnar og þess þekkta veruleika að góðir hlutir gerast hægt og bítandi.

Tugmilljarða peningagjafir úr skuldum vöfnum ríkissjóði, sem nú er verið að undirbúa með uppsetningu vefsíðu og

KREDITKORT

SPILA AUGLÝSINGU



TAKTU VIN MEÐ

Njóttu ferðalagsins með Icelandair American Express®
og góðum ferðafélaga sem þú býður með. Kynntu þér Félagamiðann á kreditkort.is.







Kynntu þér kostina á kreditkort.is



Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

Kortið er gefið út af Kreditkort í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skráð vörumerki American Express.

hugbúnaðar, er ágætt dæmi skammsýni stjórnmálamanna og hvaða áhrif hún getur haft á vinsældir. Lýðurinn bíður spenntur eftir peningagjöfunum, en komandi kynslóðir vita ekki af því að peningarnir hefðu getað farið í að bæta hag þeirra.

Péningar

Í þessum aðstæðum, sem allir landsmenn eru að glíma við, er hollt að horfa til boðskapar þeirra sem hafa skrásett þær miklu fórnir sem kynslóðir Íslendinga hafa fært svo að sú sem nú lifir búi við aukin tækifæri. Snillingurinn Halldór Laxness er líklega sá Íslendingur sem hefur skrásett þessar fórnir með magnaðri hætti en nokkur annar. Þar er á öllu tekið; péningunum, valdi, stéttabaráttu og mannlegum breyskleika ekki síst. Dýpsti boðskapurinn, gegnum gangandi í öllum hans verkum, er best lýst sem sífelldri baráttu á milli þröngsýni og víðsýni. Í hinu fyrra er maðurinn eins og veðhlaupahross, rörsýnin blindar honum sýn. Víðsýnin er hins vegar eiginlegt leiðarljós í lífsins gangi. Hún er enn fremur forsenda þess að geta mótað langtímasýnina, komandi kynslóðum til heilla.

Danskir þættir mala gull erlendis

Fjölmargir danskir sjónvarpsþættir hafa slegið í gegn. Nú er svo komið að þættirnir eru margir hverjir orðnir að verðmætri útflutningsvöru. Íslendingar geta mikið lært af reynslu Dana við gerð góðra sjónvarpsþátta.



DANMÖRK
Borgþór Arngrímsson

Fyrir tíu til fimmtán árum hefðu fáir trúað því að sá dagur kæmi að danskir sjónvarpsmyndaflokkar yrðu verðmæt útflutningsvara og sjónvarpsstöðvar víða um heim myndu keppast við að tryggja sér sýningaréttinn. En sá dagur er kominn, reyndar fyrir nokkru síðan, og DR er orðið stórt nafn á alþjóðlega sjónvarpsmarkaðnum.

Fyrir rúmum fjörutíu árum sat sá sem hér skrifar fyrirlestra hjá Þorgeiri heitnum Þorgeirsyni í Leiklistarskóla SÁL (eins og hann var kallaður) í kjallaranum á Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík. Einn fyrirlestra Þorgeirs fjallaði um framleiðslu sjónvarpsefnis, þar á meðal hina peningalegu hlið. Það er minnisstætt að Þorgeir talaði sérstaklega um breska ríkisútvarpið, BBC, sem þá framleiddi margs konar gæðaefni, þar á meðal framhaldsþætti. Þar hafði verið tekin sú ákvörðun að setja markið hátt og framleiða gæðaefni, allir vita árangur þeirrar stefnu. Það situr ekki síður í minninu að Þorgeir ræddi um (og nefndi tölur máli sínu til stuðnings) hvaða pól Danir hefðu tekið í þessa hæð. „Þeir eru ekki orðnir mjög góðir enn, sem von er, það tekur tíma," sagði Þorgeir og bætti við: „En ef þeir halda þessari stefnu og setja áfram peninga í slíka framleiðslu mun það skila sér á næstu áratugum."

> „En líkt og Róm var ekki byggð á einum degi var enn langt í það að danskir sjónvarpsmyndaflokkar næðu verulegri útbreiðslu. Á níunda og fyrri hluta tíunda áratugarins voru framleiddir fjöldamargir sjónvarpsmyndaflokkar, margir prýðilega gerðir, en fæstir þeirra náðu þó teljandi vinsældum utan danskra landsteina."

Góðir hlutir taka tíma

Þegar Þorgeir lét þessi orð falla var danska sjónvarpið, nú ætíð kallað DR, enn að slíta barnsskónum. Svæðisbundnar sjónvarpsútsendingar hófust 1951 en 1960 gátu flestir landsmenn séð sjónvarpið. Þó var sjónvarpsviðtæki aðeins til á fjórum heimilum af hverjum tíu. Á árunum frá 1960–70 var

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

CUBE COMPRESSPORT VEINO-MUSCULAR COMPRESSION TECHNOLOGY CRAFT GARNEAU BROOKS



Louis Garneau



GARNEAU
LG JAKKI 12.990kr



GARNEAU
LG Skóhlífar 8.990kr



GARNEAU
LG Buxur 23.990kr



GARNEAU
LG Hanskar 9.990kr



Louis Garneau hjálmarnir eru komnir!
"Mid-range in price but high-end in looks, airflow and comfort"
BIKERADAR.COM



WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 til 16:00

leikið efni sem danska sjónvarpið framleiddi, eða lét framleiða, fyrst og fremst það sem kalla mætti kvikmyndaðar leiksýningar. Á síðari hluta áratugarins fóru þó að sjást merki um breytingar. Árið 1967 sýndi danska sjónvarpið glæpaþáttaröðina Ka' De li´ østers, sex þátta seríu sem Leif Panduro og Bent Christensen skrifuðu og fyrirtækið ASA film framleiddi.

Skylt að framleiða afþreyingarefni

Árið 1973 tóku gildi ný útvarpslög, þar sem skýrt var kveðið á um þá skyldu Danmarks Radio að framleiða afþreyingarefni. Í lögum þessum var líka settur eins konar fjárhagsrammi sem átti að tryggja framleiðslu skemmtiefnis til jafns við önnur verkefni og skyldur stofnunarinnar. Þremur árum áður en lögin tóku gildi hafði sjónvarpið í samvinnu við hið rótgróna fyrirtæki Nordisk Film gert þáttaröðina Huset på Christianshavn. Þættirnir fjölluðu um íbúana í fjölbýlihúsi á Amagergade 7 á Kristjánshöfn, daglegt strit og gleðistundir í bland, meðal annars á hverfisbarnum sem bar nafnið Rottehullet (skiltið má enn sjá á framhlið hússins!). Þættirnir í fyrstu syrpunni voru 6, margir gagnrýnendur spáðu því að þessir þættir yrðu ekki langlífir en annað kom á daginn. Áður en yfir lauk höfðu verið gerðir 84 þættir, flestir um 30 mínútna langir, sá seinasti var sýndur á gamlárskvöld 1977. Einn úr hópi dagskrárstjóra danska sjónvarpsins sagði síðar að gerð þessara þátta hefði verið samfelld kennslustund, og þótt margt í þáttunum væri barn síns tíma hefði grunnurinn þarna verið lagður að vandaðri þáttagerð. Þess má geta að þættirnir eru enn sýndir síðdegis á K-rás DR.

Matador

Tæpu ári eftir eftir að síðasti þátturinn um fólkið í Amagergade hvarf af skjánum frumsýndi danska sjónvarpið (11. nóvember 1978) fyrsta þáttinn í nýrri sjónvarpsþáttaröð, Matador, sem Nordisk Film framleiddi undir stjórn Eriks Balling. Sagan hefst árið 1929 í smábænum Korsbæk (Korsør og Holbæk!) og lýkur 1947. Alls urðu þættirnir 24 og voru



Þættir sem slógu í gegn
Sjónvarpsþættirnir Matador eru ein vinsælasta sjónvarpsþáttaröð Danmerkur frá upphafi. Þættirnir nutu gríðarlega vinsælda hér á landi, en þeir voru sýndir í Ríkissjónvarpinu.

sýndir á fjögurra ára tímabili, sex á hverju ári. Skemmst er frá því að segja að Matador sló algjörlega í gegn, þættirnir hafa verið endursýndir sex sinnum, seinast í hitteðfyrra. Þá horfði að jafnaði talsvert á aðra milljón Dana á hvern þátt, á besta sýningartíma á laugardagskvöldum.

Pólitíkusum þótti bruðlað með almannafé

Þótt almenningur tæki Matador opnum örmum urðu ýmsir, þar á meðal Radiorådet (útvarpsráð, skipað fulltrúum flokkanna, lagt niður 1987) til að gagnrýna kostnaðinn og töluðu um bruðl. Forsvarsmenn Danmarks Radio svöruðu því til að góðir hlutir kostuðu peninga. Í dag eru flestir sammála um að með þessum tveim þáttaröðum sem hér hafa verið nefndar, Huset på Christianshavn og Matador, einkum þó þeirri síðarnefndu, hafi Danir sýnt og sannað að þeir gætu framleitt sjónvarpsefni sem stæðist samanburð við hvað sem væri.

En eins og Róm var ekki byggð á einum degi var enn

langt í að danskir sjónvarpsmyndaflokkar næðu verulegri útbreiðslu. Á níunda og fyrri hluta tíunda áratugarins voru framleiddir fjöldamargir sjónvarpsmyndaflokkar, margir prýðilega gerðir, en fæstir þeirra náðu þó teljandi vinsældum utan danskra landsteina.

En undir aldamótin fóru hjólin að snúast. Árið 1996 birtist myndaflokkurinn Bryggeren (um J.C. Jacobsen, stofnanda Carlsberg) á skjánum, ári síðar kom Taxa, Edderkoppen og Rejseholdet árið 2000. Þessir þættir voru seldir til margra landa og í kjölfarið fylgdu Nikolaj og Julie, Krøniken, Ørnen, Klovn og Anna Pihl. Allt vel gerðir og vandaðir þættir. Rejseholdet, Ørnen og Nikolaj og Julie höfðu þar að auki hreppt hin eftirsóttu Emmy-verðlaun. Danir kunnu orðið vel til verka.

Lögreglukonan á lopapeysunni

Sunnudagskvöldið 7. janúar 2007 birtist í fyrsta sinn á skjánum lögreglukonan Sarah Lund, íklædd lopapeysu sem varð tískuklæðnaður kvenna víða um lönd, munstrið ýmist sagt íslenskt eða færeyskt. Myndaflokkurinn hét Forbrydelsen, eða Glæpurinn. Þættirnir í fyrstu syrpunni voru 20 talsins, hver um sig tæplega klukkutíma langur. Daginn eftir sýningu fyrsta þáttarins sögðu dönsku blöðin í umsögnum sínum að hér hefði nýr tónn verið sleginn. Það reyndust orð að sönnu. Myndaflokkurinn naut geysimikilla vinsælda og sjónvarpsstöðvar víða um lönd kepptust um að kaupa sýningaréttinn. Síðar voru gerðar tvær þáttaraðir til viðbótar þar sem Sarah Lund tókst ásamt félögum sínum á við erfið mál. Alls voru framleiddir 40 þættir og var sá seinasti sýndur í danska sjónvarpinu 25. nóvember 2012. Breska ríkisútvarpið, BBC, sýndi þættina textaða í stað þess að láta enska leikara mæla fyrir munn dönsku leikaranna.

Nú voru hjólin farin að snúast og Forbrydelsen-þættirnir hafa verið sýndir í að minnsta kosti 130 löndum. Þegar DR tilkynnti snemma árs 2010 að væntanlegir væru á skjáinn þættir um stjórnmálamennina á Kristjánsborg, undir heitinu Borgen (Höllin), stóðu kaupendur í röðum. Alls voru gerðir 30

Háskólinn á Akureyri

Framhaldsnám í háskólabænum Akureyri

Háskóli er ekki aðeins hús, ekki aðeins upplýsingar og fræðsla. Háskóli er samfélag. Skemmtilegur félagsskapur. Alvöru nám.

Smelltu á þína leið:

- **Rannsóknartengt meistaranám í auðlindafræðum MS**
- **Rannsóknartengt meistaranám í félagsvísindum MA**
- **Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum MS**
- **Heimskautaréttur (Polar Law) LLM/MA**
- **Rannsóknartengt meistaranám í viðskiptafræði MS**
- **Lögfræði ML**
- **Menntavísindi MA**
- **Menntunarfræði MEd**





GAGNRÝNENDUR VESTAN HAFS GRÍÐARLEGA HRIFNIR AF BORGEN

Bandarískir gagnrýnendur áttu vart orð til að lýsa hrifningu sinni á Borgen, Höllinni, og margir þeirra töldu hana bestu sjónvarpsþáttaröðina árið 2012. Þeir sögðu jafnframt að þáttaröðin væri „sú besta sem þú hefur aldrei séð," og vísuðu þannig til þess að Borgen var sýnd á lítilli sjónvarpsstöð þarlendis sem tiltölulega fáir horfðu á.

þættir í þremur syrpum,. Þessir þættir hafa verið sýndir í rúmlega 70 löndum og sífellt bætast nýir kaupendur í hópinn.

Broen, Brúin, hét næsta stórverkefni, sem kom á skjáinn 2011. Þeir þættir voru samvinnuverkefni DR, sænska Sjónvarpsins SVT og þess þýska ZDF. Þættirnir voru 20 í tveimur syrpum og í haust hefjast tökur á þeirri þriðju. Þótt ekki nytu þessir þættir sömu vinsælda á heimavelli og Forbrydelsen og Borgen hafa sjónvarpsstöðvar í 174 löndum keypt sýningarétt-inn. Í vetur kom svo á skjáinn fyrsta þáttaröðin undir heitinu Arvingerne (Erfingjarnir), 10 klukkustundarlangir þættir um fjölskyldudeil-ur. Búið var að selja þennan sjónvarpsmynda-flokk til margra landa áður en sýningar hófust í Danmörku. Önnur syrpa í myndaflokknum um erfingjana kemur á skjáinn í ársbyrjun 2015, og erlendar sjónvarpsstöðvar sem hafa þegar keypt þá þætti skipta tugum.

Fleira mætti nefna af velheppnuðum verkum, til dæmis myndaflokkinn Sommer, um samnefnda fjölskyldu. Áhrifa-miklir þættir sem hreyfðu við mörgum.



EIN STÆRSTA STJARNA DANMERKUR ÁN FORMLEGRAR LEIKLISTARMENNTUNAR

Sofie Gråbøl (fædd 1968), sem leikur aðalhlutverkið í Forbrydelsen, Glæpnum, hefur enga formlega leiklistarmenntun. Innan við tvítugt lék hún aðalhlutverkið í kvikmyndinni Barndommens gade, Götu bernskunnar, eftir sögu Tove Ditlevsen og fór einnig með hlutverk í Pelle sigurvegara. Í ágúst leikur hún Margréti I. í nýju leikriti sem sýnt verður á Edinborgarhátíðinni. Sala á prjónum og garni jókst verulega eftir að sýningar á Forbrydelsen hófust í Bretlandi.



1864 – stærsta verkefni sem DR hefur ráðist í

Í september hefjast sýningar á þáttaröð sem ber heitið 1864. Þessir þættir byggja á raunverulegum atburðum, Slésvíkurstríðinu árið 1864 þegar Danir lutu í lægra haldi fyrir Prússum og Austurríkismönnum og töpuðu stórum hluta ríkisins. Þessir þættir eru að sögn þeir dýrustu sem DR hefur nokkru sinni ráðist í að gera, en stjórnendur DR eru ekki í vafa um að miklar tekjur komi á móti, því fjölmargar erlendar sjónvarpsstöðvar hafa þegar fest kaup á þáttunum.



Mikil eftirvænting eftir 1864
Danir og fleiri bíða spenntir eftir nýjustu sjónvarpsþáttaröð DR, sem hlotið hefur heitið 1864. Hægt er að horfa á stiklu úr þáttaröðinni með því að smella á myndina hér að ofan.

Fyrir nokkru kom fram í dönsku dagblaði að á síðustu sex árum hefði DR selt sjónvarpsþættir fyrir upphæð sem jafngildir 6 milljörðum íslenskra króna og sú upphæð fer stöðugt hækkandi.

Hver er galdurinn?

Margir hafa velt fyrir sér ástæðum þess að danskir sjónvarpsþættir njóta slíkra vinsælda víða um heim. Ingolf Gabold, sem var yfirmaður leiklistardeildar DR frá 1999–2012, telur

ástæðurnar nokkrar. Í fyrsta lagi þurfi fjármagn og þá dugi ekki að horfa til skamms tíma heldur áratuga. Í öðru lagi þurfi að leggja mikla vinnu í að þjálfa handritshöfunda, ef handritið haldi ekki verði myndaflokkurinn aldrei neitt neitt. Aðalpersónurnar þurfi líka allar að hafa sína sögu, til hliðar við aðalatburðarásina, þetta er mjög mikilvægt segir Ingolf Gabold, því þannig skírskoti þættirnir til mun breiðari hóps. Ekki er síður mikilvægt að vanda leikaravalið, ef hugsað er til dæmis til nýjustu þáttaraðarinnar, Arvingerne, skilst vel hvað við er átt. Þar smellpassa allir leikarar við persónur verksins. Svo er það tæknihliðin, segir Ingolf Gabold, það tekur mörg ár að þjálfa upp þá færni sem til þarf. Í stuttu máli, segir hinn reynslumikli Ingolf Gabold: „Peningar, þolinmæði og markviss stefna. Þetta höfum við Danir getað, og svo má ekki gleyma kynningar- og söluhliðinni. Þar kemur það líka til góða að margar danskar kvikmyndir hafa náð alþjóðlegum vinsældum og það skiptir líka máli.“ Höfundur þessa pistils átti einmitt við hann langt samtal fyrir nokkru um þessi mál.

Þorgeir Þorgeirson gaf sig ekki út fyrir að vera spámaður. Í fyrirlestrinum sem minnst var á í upphafi þessa pistils nefndi hann hvað þyrfti til að komast í fremstu röð við gerð sjónvarpsefnis. Hann vissi greinilega hvað hann söng.

Áhrifamaður teygir sig vestur um haf

Áhrifamaður í íslensku atvinnulífi kvartaði til yfirmanna Jóns Steinssonar vegna þátttöku hans í umræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið.



MENNTAMÁL
Björn Gíslason

Bæta mætti skilyrði háskólafólks til þátttöku í samfélagsumræðunni með því að hækka laun þess og tryggja þannig betur að háskólakennarar þyrftu ekki í jafn miklum mæli að sinna aukastörfum – oft fyrir hagsmunaaðila í samfélaginu – til þess að bæta afkomu sína. Þetta segir Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla. Þrátt fyrir að starfa í Bandaríkjunum hefur Jón ekki farið varhluta af hótunum og gagnrýni valdamikilla aðila í íslensku samfélagi í kjölfar skrifa í fjölmiðla.

Í síðustu útgáfu Kjarnans var fjallað um könnun meðal háskólafólks á Íslandi sem sýndi m.a. að nær sjötti hver svarandi hefði komið sér hjá því að tjá sig við fjölmiðla vegna ótta við gagnrýni frá valdafólki úr stjórnmála- og efnahagslífi. Könnunin sýndi einnig að rúmlega fimmti hver svarandi hefði sætt gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila í atvinnulífi og sjötti hver gagnrýni frá stjórnmálamanni eftir að hafa tjáð sig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli. Þá eru hótanir frá þessum valdahópum gagnvart háskólafólki við sömu aðstæður ekki óþekktar.

„Það skiptir alveg rosalega miklu máli að ég er í útlöndum, að ég er í vinnu sem enginn getur rekið mig úr og ég er ekki upp á neinn kominn á Íslandi.“

Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla, hefur um alllangt skeið látið að sér kveða í þjóðfélagsumræðunni á Íslandi. Hann hefur bæði skrifað greinar í blöð og vefmiðla og rætt við fjölmiðla um ýmis mál sem snerta samfélagið og sérþekkingu hans, þar á meðal fiskveiðistjórnunarkerfið, auðlindanýtingu og skattamál.

Óaðskiljanlegur hluti af starfi háskólamannsins

Jón segist í samtali við Kjarnann líta á þátttöku sína í opinberri umræðu sem óaðskiljanlegan hluta af starfi sínu sem háskólakennara. „Ég tel það vera hluta af því að vera háskólamaður að ef maður hefur eitthvað fram að færa geti maður gert það með þessum hætti.“

Jón hóf að skrifa í blöð árið 1997 þegar hann var

UMSLAG

LÁGMÚLI 5 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 533 5252 | WWW.UMSLAG.IS

ÖRYGGI
YKKAR ÖRYGGI
OKKAR ÁBYRGÐ

ER PRENTUN Á ÁRSSKÝRSLU FRAMUNDAN?

Við hjá Umslagi sérhæfum okkur í vinnslu á trúnaðargögnum.







- ISO 27001 vottun
- Svansvottun
- Framúrskarandi fyrirtæki 2013
- Prentun
- Pökkun
- Póstsendum
- 100% trúnaður

Fáðu tilboð
sími 533 5252
www.umslag.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

UMHVERFISVOTTAÐ FYRIRTÆKI

bsi. ISO/IEC 27001 Information Security Management
IS 594468

Kíktu á okkur á facebook.com/umslag

Uppsetning og hönnun Umslag

hagfræðinemi við Princeton-háskóla í Bandaríkjunum. Meðan á námi hans í Princeton- og síðar Harvard-háskóla stóð lét hann reglulega í sér heyra, bæði á síðum Morgunblaðsins og á vefritinu Deiglunni. „Ég held að ég sé búinn að skrifa í kringum 300 greinar allt í allt. Ég skrifaði alltaf nokkrar greinar á ári í Moggann en um það leyti sem Davíð tók við Moggaanum byrjaði ég að skrifa í Fréttablaðið. Svo fór ég að skrifa á Pressuna og færði mig þaðan yfir á Eyjuna," segir Jón, en fjölmiðlar hafa einnig leitað reglulega til hans vegna ýmissa hagfræðilegra málefna.



Gagnrýni vegna gagnrýni
Jón segist hafa fengið ágjöf vegna umfjöllunar hans um Sjálfstæðisflokkinn og fyrrverandi leiðtoga hans, Davíð Oddsson.


Jón var nokkuð atkvæðamikill í umræðunni eftir bankahrun, en um það leyti var hann að hefja störf við Columbia-háskóla. „Hrunið breytti svo miklu og það var svo margt í íslensku samfélagi sem hægt var að ræða um og fólk var móttækilegt fyrir. Það eru mörg mál sem ég gæti skrifað mjög mikið um í dag en samfélagið er ekki jafn móttækilegt, sérstaklega ekki gagnvart mínum viðhorfum, svo að ég skrifa minna í dag en ef það væri ríkisstjórn við völd sem ég teldi að myndi hlusta á það sem ég segi. Það var stjórn eftir hrun sem mér fannst ég geta haft áhrif á og ég skrifaði meira vegna þess," segir Jón. Hann bætir við að gott aðgengi almennings að fjölmiðlum á Íslandi í gegnum aðsendar greinar hafi gert honum kleift að byggja upp orðspor sitt sem þjóðfélagsrýnis.

Kvartað til yfirmanns hagfræðideildar Columbia

Jón hefur verið óhræddur að taka þátt í umræðum um hitamál samfélagsins. „Það er augljóst mál að það skiptir alveg rosalega miklu máli að ég er í útlöndum, að ég er í vinnu sem enginn getur rekið mig úr og ég er ekki upp á neinn kominn á Íslandi. Og ef ég segi eitthvað þýðir það ekki að

einhverjir styrkir komi ekki hingað eða þangað," segir Jón.

Hann segist hafa upplifað það, sérstaklega í tengslum við umræður um kosti og galla fiskveiðistjórnunarkerfisins, að margir þori ekki að tjá sig. „Stundum segir fólk við mig að ástæðan sé sú að það sé hrætt við viðbrögðin sem það muni fá," segir Jón.



Skjól erlendis
„Það er augljóst mál að það skiptir alveg rosalega miklu máli að ég er í útlöndum, að ég er í vinnu sem enginn getur rekið mig úr og ég er ekki upp á neinn kominn á Íslandi."

Sjálfur segist Jón hafa fengið bæði símtöl og tölvupósta frá valdamiklum aðilum í kjölfar gagnrýninna blaðaskrifa eða ummæla í fjölmiðlum. Tvö mál hafi kallað fram sérstaklega sterk viðbrögð, gagnrýni annars vegar á kvótakerfið og hins vegar á Sjálfstæðisflokkinn og þá sérstaklega Davíð Oddsson.

Jón nefnir tvö dæmi. „Mér var einu sinni sagt að ég væri búinn að brenna allar brýr að baki mér og ég gæti aldrei fengið vinnu á Íslandi," segir Jón. Hitt dæmið hafi snúið að áhrifamanni í íslensku atvinnulífi sem hafi fyrir nokkrum árum sent deildarforseta Columbia-háskóla bréf þar sem hann gerði athugasemdir við skrif Jóns í íslenska miðla. Jón vill ekki greina frá því hver þessi maður er en segir deildarforsetann hafa sagt að augljóslega myndi hann ekki gera neitt í málinu enda nyti Jón frelsis sem háskólamaður til þátttöku í opinberri umræðu. „Ef þessir menn reyna að hafa áhrif á yfirmann hagfræðideildar í Columbia, sem þeir hafa augljóslega engin tök á, þá getur maður bara ímyndað sér hvernig það er þegar einhver í háskólum á Íslandi skrifar eitthvað svona," segir Jón.

Jón segist ekki hafa upplifað viðlíka hótanir eða gagnrýni eftir að hafa tjáð sig um önnur mál en hann hafi þó upplifað

mikið skítkast á netinu. „Það kemur mér stundum á óvart þegar kollegar mínir segja við mig: „Ég nenni ekki að taka þátt í þessu út af skítkastinu á netinu.“ Ég fæ yfir mig mikið skítkast þar en það hefur lítil áhrif á mig,“ segir Jón.

Sama megi segja um ásakanir gagnvart háskólafólki, og reyndar sumum fjölmiðlum, um að þeir gangi erinda tiltekinna afla. „Þegar maður gagnrýnir eitthvað þá byrjar umræðan um að maður sé bara leppur einhvers annars. Ég fann mjög mikið fyrir þessu á árum áður í kvótaumræðunni. Ég var leppur Þorvaldar Gylfasonar, ég var leppur Markúsar Möller og ég hef verið sagður leppur Jóhönnu Sigurðardóttur. En þetta er bara eitthvert rugl sem maður verður að leiða hjá sér,“ segir Jón.

„Tvö mál hafi kallað fram sérstaklega sterk viðbrögð, gagnrýni annars vegar á kvótakerfið og hins vegar á Sjálfstæðisflokkinn og þá sérstaklega Davíð Oddsson.“

Telur sig geta haft áhrif í umræðunni á Íslandi

Jón segist aðspurður lítið hafa tekið þátt í opinberri umræðu í Bandaríkjunum hingað til. Mun skemmtilegra sé að taka þátt í umræðunni á Íslandi vegna þess að hér sé möguleiki á að hafa áhrif. „Ég skrifa greinar þegar mér finnst einhver sjónarhorn vanta í umræðuna og stundum hafa þær áhrif,“ segir Jón og nefnir sem dæmi að eftir ábendingar hans í blaðagrein um að skynsamlegt væri að vísitölutengja skattþrep á Íslandi hafi frumvarpi þar að lútandi verið breytt. „Í Bandaríkjunum er búið að segja svo margt að það er mjög erfitt að koma með eitthvert nýtt og ferskt sjónarhorn.“

Þegar hann er beðinn um að bera saman skilyrði íslenskra og bandarískra háskólamanna til þátttöku í opinberri umræðu segist hann telja skilyrðin hér á landi mun verri. „Það tengist því meðal annars að laun íslensks háskólafólks eru miklu lægri en bandarísks. Ef háskólafólk á Íslandi væri á launum þar sem það þyrfti ekki að taka að sér verkefni utan háskólans fyrir hina og þessa hagsmunaaðila til þess að lifa því lífi sem það vill lifa peningalega séð yrðu skilyrði þess miklu betri. Þá gæti það sagt hluti óhrætt,“ segir Jón.

Sjálfur segist hann ekki taka að sér nein verkefni utan háskólans nema þau séu mjög áhugaverð. „Þegar ég vinn á Íslandi tek ég ekki greiðslu fyrir það vegna þess að ég vil ekki vera upp á þetta kominn, ég vil ekki að neinn geti sagt að ég hafi fengið eitthvað fyrir þetta," segir Jón. Það hafi hins vegar ekki komið í veg fyrir að hann hafi verið sakaður um að vera á spenanum hjá síðustu ríkisstjórn. „Sem var alls ekki rétt," segir Jón og bætir við að íslenskt háskólafólk búi ekki við þær aðstæður að geta gert þetta.

Hækkun launa gæti því verið ein leið til að tryggja betur aðkomu háskólafólks að opinberri umræðu og sjálfstæði þess. „Það myndi hafa veruleg áhrif, held ég," segir Jón að lokum.

GREINING Tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála

Góður vilji en augljósar brotalamir




GREINING
Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Tillögur verkefnastjórnar um framtíðarskipan húsnæðismála eru róttækar og boða miklar breytingar, verði þær að lögum. Þær eru fullar af góðum vilja til að takast á við neyðarástand í málaflokknum en það er oftast ekki nóg til að rétta við það sem er að. Hluti tillagnanna er nefnilega beinleiðis varasamur og gæti valdið miklum skaða.

Í grófum dráttum snúast tillögurnar um fernt. Í fyrsta lagi á að leggja niður Íbúðalánasjóð og koma á fót svokölluðu „dönsku kerfi“, þar sem lánveitingar til húsnæðiskaupa fara í gegnum sérstök og samhæfð húsnæðislánafélög. Þetta þýðir að allar fjármálastofnanir sem ætla að stunda húsnæðisútlán þurfa að stofna dótturfélög sem gefa út sértryggð húsnæðisveðskuldabréf til að fjármagna sig. Í tillögunum segir að „umgjörð allra húsnæðisveðlána taki almennt mið af þröngri jafnvægisreglu þannig að jafnvægi ríki á milli útlána og fjármögnunar þeirra“. Þetta verður varla skilið öðruvísi en að lög muni ákveða hver vaxtamunur nýju húsnæðislánafélaganna má vera. Til viðbótar eiga öll lán sem þessi félög veita að vera óverðtryggð.

Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | hjalp@macland.is | **macland.is**

macland

Í öðru lagi á að sameina vaxtabætur og húsaleigubætur í eitt bótakerfi sem verður kallað húsnæðisbætur. Auknu fjármagni verður síðan heitið í þennan bótaflokk til að gera fleirum kleift að fá meiri opinberan styrk við að glíma við mánaðarlegan húsnæðiskostnað.

Í þriðja lagi ætla stjórnvöld að veita stofnstyrki og ýmsa aðra hvata til að byggja upp leigumarkað sem raunhæfan kost fyrir þá sem annaðhvort kjósa ekki eða geta ekki keypt sér húsnæði. Þessi stofnframlög verða til boða fyrir leigufélög sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða.

Í fjórða lagi verður hvatt til aukins sparnaðar, meðal annars með því að gera það að varanlegum valkosti að greiða niður höfuðstól húsnæðislána með séreignarsparnaði, en sú leið var kynnt til leiks sem tímabundið úrræði í skuldaniðurfellingartillögum ríkisstjórnarinnar í mars síðastliðnum.

„Það ríkir neyðarástand á húsnæðismarkaði og uppsöfnuð þörf fyrir litlar íbúðir er gríðarleg.“

Það sem er gott

Það ríkir neyðarástand á húsnæðismarkaði og uppsöfnuð þörf fyrir litlar íbúðir er gríðarleg. Hér hefur verið byggt lítið sem ekkert á undanförnum fimm árum. Þeim sem búa í leiguhúsnæði hefur því fjölgað gríðarlega, úr því að vera 15,4 prósent heimila árið 2007 í að vera 24,9 prósent þeirra. Fjölgunin er mest á meðal þeirra sem eru með lægstar tekjur. Þar hefur hlutfallið farið úr 9,5 prósentum heimila í 28,9 prósent. Samhliða hefur fasteignaverð hækkað mjög hratt og leiguverð enn meira.

Í tillögunum er reynt að bregðast við þessum vanda með róttækum og sértækum aðgerðum, sem er nauðsynlegt. Eins og staðan er í dag er byggingarkostnaður húsnæðis hærri en markaðsvirði þess og því verður hið opinbera að stíga fram með fjármögnun, annaðhvort í formi styrkja eða niðurfellingar á gjöldum, til að gera það gerlegt að byggja húsnæði sem fólk hefur efni á að búa í. Það er verið að skapa hvata.

Samhliða upptöku „danska kerfisins“ er reynt að koma í veg fyrir þá vankanta sem það kerfi sannarlega hefur. Í Danmörku er kerfið nefnilega mjög skuldsett, sérstaklega

vegna þess að árið 2003 var heimilað að lántakendur gætu valið að borga ekkert af höfuðstól lána sinna í allt að tíu ár. Þetta verður ekki heimilt í „íslensk-danska kerfinu“.

Sameining bótakerfanna í eitt er líka góð hugmynd. Þannig sitja allir þeir sem þurfa á opinberum styrk til að greiða af húsnæðiskostnaði sínum við sama borð og þeir sem þurfa mest á því að halda fá hæstu styrkina.

Svo er auðvitað frábært að ríkisábyrgð á skuldabréfum til fjármögnunar húsnæðislánum verði afnumin. Þá þurfa skattgreiðendur aldrei aftur að greiða reikninginn þegar illa fer.

Það sem hræðir

Sú leið sem á að fara við að loka Íbúðalánasjóði, og það kerfi sem á að taka upp í staðinn, hræðir hins vegar. Í fyrsta lagi er hálf fjarstæðukennt að „banna“ verðtryggð lán. Á sumum svæðum, til dæmis miðsvæðis í Reykjavík, er húsnæðisverð verðtryggt. Þeir sem kaupa eignir á slíkum svæðum eru ekki að gera sér neinn óleik með því að taka verðtryggð lán. Auk þess er ljóst að verðtryggð lán leiða til lægri greiðslubyrði. Það að fjarlægja þau sem möguleika úr húsnæðislánabúðarborðinu mun útiloka ansi marga tekjuhópa frá því að geta keypt sér húsnæði sem annars gætu það.

Í öðru lagi er dálítið erfitt að skilja hvernig eigi að vinda ofan af Íbúðalánasjóði en á sama tíma eigi að skapa betri kjör á óverðtryggðum húsnæðislánum. Í tillögunum er talað um að skipta Íbúðalánasjóði upp í tvennt. Annars vegar verði sá hluti eignasafns hans sem er uppgreiðanlegur, u.m.þ. 30 milljarðar króna, látinn mynda grunn að nýju opinberu húsnæðislánafélagi. Restin verði látin „renna út“.

Þetta eru andstæð markmið. Ef markmiðið um betri lánakjör heppnast mun stór hluti þeirra sem eru með verðtryggð lán borga upp lánin sín og taka nýju lánin. Þar sem eignir sjóðsins eru bundnar við óuppgreiðanleg verðtryggð skuldabréf (markaðsvirði þeirra í dag er rúmlega 900 milljarðar króna) til allt að 30 ára er ljóst að þær gætu ekki þjónustað þessar skuldir ef á skylli flótti frá Íbúðalánasjóði. Þá þyrfti ríkið að brúa bilið, sem myndi í besta falli hlaupa á tugum

milljarða króna. Þá skapast gríðarstór uppgreiðsluvandi. Þetta gæti gerst í mjög náinni framtíð. Á næstu fimm til tíu árum.

Í þriðja lagi er verið að ganga af íslenska séreignarsparnaðarkerfinu dauðu með því að gera það ótímabundið að nota sparnaðinn til greiðslu húsnæðislána. Það er gott að fólk fái að ráða hvernig það sparar. En úttektir á séreignarsparnaði hafa verið heimilaðar til að auka tekjur ríkissjóðs og stuðla að einkaneysludrifnum hagvexti. Alls hafa Íslendingar tekið út 100 milljarða króna af honum frá 2009 og ljóst er að sú tala mun hækka hratt með þeim breytingum sem eru boðaðar. Það mun þýða að kostnaður íslenska ríkisins við að halda lífi í sífellt fjölgandi eldri borgurum þessa lands mun aukast gríðarlega. Honum verður velt á næstu kynslóðir.

Það sem verður ekki leyst

Það sem vantar algjörlega í tillögurnar er lausn á þeim fjármögnunarvanda sem blasir við húsnæðiskaupendum. Í dag lána bankar ekki fyrir nema 80-85 prósentum af verði húsnæðis. Það sem upp á vantar er nánast ómögulegt fyrir venjulegt launafólk að safna sér miðað við hvað það kostar að lifa á Íslandi nútímans. Því er komin upp ákveðin stéttaskipting innan þeirra hópa sem eru að fara inn á húsnæðismarkaðinn. Þeir sem fá meðgjöf frá sínum nánustu, til dæmis foreldrum, geta myndað eign og búið í betra húsnæði. Hinir verða einfaldlega að leigja með öllu því óöryggi og rótleysi sem fylgir skammtímaleigumarkaði og borga miklu hærra hlutfall launa sinna í húsnæðiskostnað.

„Það sem vantar algjörlega í tillögurnar er lausn á þeim fjármögnungarvanda sem blasir við húsnæðiskaupendum“

Það á í raun ekki að vera hið opinbera sem leysir þetta vandamál. Bankar landsins eiga að sjá sér hag í því að gera það. Húsnæðislán eru stærstu lán sem flestir taka á lífsleiðinni og með því að „ná“ fólki í slík eru bankar oft að eignast kúnna fyrir lífstíð. Þeir ættu því að leggja meiri vinnu í að greina getu kúnna sinna til að standa við greiðslur af lánum út frá þeim þáttum sem einkenna þá (menntun, laun,

eignir, aldur o.s.frv.) og vera minna hræddir við að lána mun hærra hlutfall af verði eignar. Jafnvel allt að 100 prósentum.

Það var nefnilega ekki sú staðreynd að veitt voru 90 eða 100 prósenta lán fyrir hrun sem sköpaði það ástand sem hér varð, heldur að þau voru í mörgum tilfellum veitt fólki sem gat illa staðið undir þeim. Það þarf að gera þá kröfu til bankana að þeir vinni grunnvinnu sína betur og velji hlutfallið út frá „gæðum“ lántakans.

Tveir flóttamenn á hverri mínútu

Verkfræðingurinn Guðný Níelsen hjálpar flóttamönnum í Beirút. Staðan á svæðinu er ógnvænleg.



SYSTKINAHÓPUR LEIÐARLJÓSS

Öll þurfum við á stuðningi að halda þegar eitthvað bjátar á.

Systkinahópur Leiðarljóss myndar stuðningsnet systkina um allt land sem styðja við bakið á Leiðarljósi með mánaðarlegum greiðslum og bæta þannig lífsgæði barna með sjaldgæfa og alvarlega langvinna sjúkdóma.

Sem **systir** eða **bróðir** hjálpar þú okkur að veita alvarlega veikum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning.



Smelltu hér!

KOMDU Í SYSTKINAHÓPINN

Farðu á **leidarljos.is** og skráðu þig í systkinahópinn eða hringdu í síma **907 3010** og styrktu Leiðarljós um **1000 kr.**

LÍBANON

Guðný Níelsen
verkefnastjóri hjá Rauða Krossinum

Sýrlenska þjóðin hefur verið á flótta undanfarin fjögur ár. Borgarastyrjöld í heimalandinu hefur hrakið um sjö milljónir á vergang og yfir 150.000 liggja í valnum. Vægðarleysið er algert, átökin skilja eftir sig sviðna jörð og haldi fram sem horfir verður landið rústir einar. Grunur er um að efnavopnum hafi verið beitt gegn almennum borgurum. Sögur af sveltu fólki, pyntingum og aftökum eru hræðilegar. Eins og á öðrum átakasvæðum beita andstæðingar nauðgunum kerfisbundið í þeim tilgangi að niðurlægja hver aðra og þær stúlkur og konur sem fyrir ofbeldinu verða eru hlutgerðar í orðsins fyllstu (og verstu) merkingu. Stríðandi fylkingar umkringja heilu hverfin og stráfella íbúana, sem enga undankomuleið eiga. Hjálparsamtök komast ekki að fólkinu sem innikróað er á átakasvæðunum. Starfsfólk, sjálfboðaliðar og sjúkrabílar Rauða hálfmánans eru skotmörk og alls hafa 34 verið myrtir við störf sín báðum megin víglínunnar síðan átökin hófust. Í Sýrlandi ríkir neyðarástand.



Lítið land, stórt vandamál

Líbanon er lítið land fyrir botni Miðjarðarhafs, umlukið Sýrlandi með landamæri í suðri að Ísrael/Palestínu. Ekki þarf að hafa um það mörg orð hve mikilvægt og erfitt það er fyrir svo fámenna þjóð (4,5 milljónir) að halda frið og hlutleysi með svo öfluga nágranna. Þrátt fyrir að vera langminnst nágrannalanda Sýrlands, aðeins um 10.000 km² að stærð (Ísland er um 103.000 km²), hýsir það stærstan hluta þeirra sem flúið hafa átökin. Áætla má að nú þegar séu um 1,5 milljónir Sýrlendinga í Líbanon og ekkert lát virðast vera á fjölgun þeirra. Sameinuðu þjóðirnar skrá að meðaltali tvo nýja flóttamenn inn í landið á hverri mínútu. Nú þegar eru sýrlenskir flóttamenn fjórðungur íbúa landsins; hlutfall sem á sér enga hliðstæðu.



Heilsugæsla
Ljósmóðirin Leila sinnir sýrlenskri móður og dætrum hennar.

Þrátt fyrir lítið bolmagn hafa Líbanir hleypt flóttamönnunum óhindrað inn í landið, minnugir þess að sjálfir leituðu þeir skjóls í Sýrlandi þegar hatrömm borgarastyrjöld geisaði í Líbanon fyrir 20 árum. Viðkvæmt jafnvægi hefur ríkt í líbönskum stjórnmálum frá því að borgarastyrjöldin tvístraði landinu og eykst spennan nú dag frá degi. Þrátt fyrir að hafa enn ekki jafnað sig að fullu eftir eigin borgarastyrjöld hefur líbanska þjóðin sýnt flóttamönnunum gífurlega gestrisni og hafa margar fjölskyldur hleypt flóttamönnum inn á eigið heimili. Margir óttast þó aðra borgarastyrjöld og er það ekki að ástæðulausu. Þessa dagana brjótast reglulega út átök við og innan landamæranna. Líbanski herinn hefur verið skotmark og bílsprengjur hafa sprungið við eftirlitsstöðvar.

Þessi gríðarlegi fjöldi flóttamanna hefur lagt þungar fjárhagslegar byrðar á líbönsku þjóðina. Hagvöxtur hefur dregist saman um nærri 3% árlega frá upptökum átakanna og að mati Alþjóðabankans er afleiðingin tap líbönsku þjóðarinnar upp á 7,5 milljarða Bandaríkjadala. Stór hópur Líbana, sem þegar bjó við bág kjör, upplifir nú sára fátækt og sömu örlög blasa því miður við mörgum. Mikilvægt er að veita Líbönum aukna aðstoð við að hýsa þennan fjölda.

„Ekki þarf að hafa mörg orð um hve mikilvægt og erfitt það er fyrir fámenna þjóð (4,5 milljónir) að halda frið og hlutleysi með svo öfluga nágranna.“

Neyðarástand

Líf flóttamanna er erfitt. Þeir sem störf fá vinna oft langan vinnudag við erfiðar aðstæður. Neyðin er oft svo mikil að börnin verða að vinna og betla í stað þess að sækja skóla. Flóttamenn búa flestir við óheilnæmar aðstæður; í tjöldum, bröggum og yfirgefnum byggingum án aðgangs að hreinlætisaðstöðu, hita og vatni. Við slíkar aðstæður er fólk



Börn að leik
Mörg munaðarlaus börn eru á meðal flóttafólksins sem hefur leitað á náðir líbönsku þjóðarinnar.

varnarlaust gegn sjúkdómum. Margar óléttar konur flúðu þegar stríðið skall á og þar af leiðandi eru í hópnum mörg ungbörn. Brýnt er að upplýsa foreldrana um þær hættur sem steðja að börnunum af þessum lifnaðarháttum. Ein af hræðilegri afleiðingum átakanna er útbreiðsla lömunarveiki, sem að mestu leyti hafði verið útrýmt á svæðinu, og brýnt er að bólusetja börnin í tæka tíð til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.

Rauði krossinn vinnur gríðarlega mikilvægt starf á þessum ákaflega erfiðu tímum. Deildir líbanska Rauða krossins hafa um árabil rekið heilsugæslur vítt og breitt um landið sem sinnt hafa þeim þjóðfélagshópum sem engan aðgang hafa að einkareknu heilbrigðiskerfi landsins. Með tilkomu flóttamannanna hefur álag á þessar heilsugæslur rokið upp úr öllu valdi og eru Líbanir nú aðeins lítill hluti þeirra sem sækja þessa lífsnauðsynlegu þjónustu. Þúsundir


sýrlenskra flóttamanna koma á heilsugæslurnar daglega. Ástandið er tímabundið og markmiðið einfalt: Að halda lífi í flóttamönnunum þar til þeim er óhætt að snúa aftur heim til Sýrlands. Erfiðlega hefur reynst að ná til stórra hópa flóttamanna sem halda til á afskekktum svæðum. Því hefur Rauði krossinn á Íslandi, í samstarfi við norska og líbanska Rauða krossinn, séð um rekstur svokallaðra færanlegra heilsugæslna frá því haustið 2013. Líbanskt heilbrigðisstarfsfólk, oftast sjálfboðaliðar, fer daglega með sjúkrabíl á þessi afskekktu svæði og veitir nauðsynlega aðhlynningu og þjónustu. Nú þegar eru starfræktar þrjár færanlegar heilsugæslur og sú fjórða verður gangsett innan nokkurra vikna. Þörfin er mikil og brýnt er að fjölga þeim enn frekar.

Aldrei er jafnmikilvægt að veita fé til hjálparstarfs og á krepputímum. Kreppa hjá þróuðum hópi þjóða þýðir margföld kreppa hjá þeim þjóðum sem þegar búa við bág kjör. Við sem unnum það lífsins lottó að fæðast á Íslandi getum stutt bræður okkar og systur í Líbanon sem leggja á sig gífurlegar fórnir svo að sýrlenska þjóðin geti snúið heim heil á húfi að stríði loknu.

Þeir sem vilja leggja hjálparstarfinu í Sýrlandi lið eru hvattir til að hringja í söfnunarsíma Rauða krossins: 904 1500 (1.500 kr.), 904-2500 (2.500 kr.) og 904-5500 (5.500 kr.).

Með sæstrenginn á teikniborðinu

Breskir fjárfestar horfa til Íslands með það að markmiði að leggja hingað sæstreng. Aukinn þungi hefur færst í þessa vinnu að undanförnu.



SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN

ORKUMÁL
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Breskir fjárfestar eru komnir lengra en margir átta sig í því að undirbúa lagningu sæstrengs milli Íslands og Bretlandseyja sem leiðir rafmagn og hafa áform þeirra verið kynnt fyrir fjölmörgum fjárfestum í Evrópu auk ráðamanna hér á landi. Mikil alvara er að baki undirbúningsvinnu og hefur miklu verið kostað til. Verkefnið er kallað Atlantic Supergrid (ASG), eða Atlantshafsdreifikerfið, og miðar að því að fjármagna og setja upp 1.000 kílómetra langan sæstreng til Íslands sem hefur stöðuga afkastagetu upp á 1,2 gígavattstundir, eða 1.200 megavött, af raforku. Markmið verkefnisins er að útvega meira en tveimur milljónum breskra heimila vistvæna orku, að því er segir í kynningargögnum frá hópnum sem vinnur að verkefninu.

Mikill þungi í verkefninu

Einn af þeim sem leiða verkefnið er fyrrverandi orkumálaráðherra Bretlands úr Íhaldsflokknum, Charles Hendry, en í hans tíð sem ráðherra, árið 2012, var undirrituð viljayfirlýsing við íslensk stjórnvöld sem miðar að því að skoða möguleika lagningu sæstrengs milli Íslands og Bretlands. Hendry hefur síðan unnið ötullega að undirbúningi verkefnisins, í samstarfi við fleiri sérfræðinga, sem hafa víðtæka reynslu af fjármögnun stórra verkefna. Þau sem vinna að verkefninu eru Edmund Truell, sem hefur 28 ára reynslu af alþjóðlegum fjármálamörkuðum, Olivia Bloomfield, Jeffrey Belkin, Graeme Bevans og Jonathan Brearley, sem öll hafa áratuga reynslu af fjármálamörkuðum og ráðgjöf. Jonathan Brearley hefur unnið að ýmsum verkefnum á vegum breskra stjórnvalda sem snúa að uppbyggingu orkumannvirkja og mótun stefnu til framtíðar þegar kemur að vistvænni orku og sjálfbærni orkubúskapsins. Bevans hefur mikla reynslu af margvíslegum fjárfestingum í innviðum þjóða og hefur stýrt sautján stórum verkefnum á því sviði á síðastliðnum áratug. Er umfang þeirra metið á 40 milljarða Bandaríkjadala. Á meðal verkefna er lagning rafmagnsstrengja bæði í Asíu og Suður-Ameríku.

„Hendry hefur síðan unnið ötullega að undirbúningi verkefnisins.“

Mikill þrýstingur

Bretar hafa sett sér metnaðarfull markmið um að auka hlutdeild vistvænnar orku jafnt og þétt á næstu árum. Evrópusambandið stefnir á að aðildarríkin fái 20 prósent af orku sinni frá vistvænum orkugjöfum árið 2020, samkvæmt samþykktum á vettvangi sambandsins, en fátt bendir til þess að aðildarríkin geti uppfyllt það markmið. Annað sem þrýstir á að ríkin finni lausnir um orku er sífellt meiri orkuþörf fyrirtækja og heimila. Ríki kappkosta þannig að vinna að orkumálum með það að leiðarljósi að vera sjálfbær um orku. Í skrifum fagtímarita um stjórnmál og viðskipti eru orkumál sögð vera risavaxið viðfangsefni horft til næstu ára litið. Þar kemur margt til en einkum þó alþjóðlegar skuldbindingar um aukið vægi vistvænnar orku og síðan sjálfbær staða hverrar þjóðar um orku. Hún viðheldur samkeppnishæfni og styrkir innviði og stoðirnar til vaxtar.

Horft til norðurs

Í þessu samhengi horfa Evrópuþjóðir, ekki síst bresk stjórnvöld og breskir fjárfestar, til norðurs. Eins og ASG hefur kynnt verkefnið fyrir fjárfestum og fleiri aðilum telur félagið að lagning sæstrengsins sé vel möguleg tæknilega. ASG hefur jafnframt lofað því að fjármagn muni nást í verkefnið, allt 500 milljarðar króna, en það verður ekki að veruleika nema bresk og íslensk stjórnvöld nái saman um verkefnið, í það minnsta að veigamiklu leyti.

Aðrir hagsmunir hjá Landsvirkjun

Landsvirkjun, langsamlega stærsta orkurfyrirtæki landsins, hefur unnið ötullega að öflun upplýsinga um lagningu sæstrengs og hvað það gæti þýtt fyrir íslenska þjóðarbúið. Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins, hefur opinberlega talað um að sæstrengur gæti verið stærsta viðskiptatækifæri sem Ísland hefur staðið frammi fyrir. Að mörgu sé þó að hyggja og nauðsynlegt sé að haga öllum undirbúningi málsins eins vel og kostur og ræða kosti og galla þess að fara út í verkefnið.

Í gögnum sem Landsvirkjun hefur látið taka saman, meðal annars í skýrslu sem GAMMA vann fyrir fyrirtækið og kynnt hefur verið á opnum fundum fyrirtækisins, er horft til lagningu sæstrengs sem verkefnis sem alls ekki er háð því að virkja meira en þegar hefur verið gert, eins og bresku fjárfestarnir hafa nefnt í sinni kynningu á verkefninu. Sæstrengurinn geti verið tækifæri til þess að auka virði orkunnar margfalt með sölu á orku sem ekki er í nýtingu á miklu hærra verði en fæst fyrir raforkuna hér á landi, þar helst í viðskiptum við stórnotendur eins og álverin. Að meðaltali fær Landsvirkjun um 27 dali fyrir megavattið af raforku. Þegar horft er til raforkuverðs sem mögulega væri hægt að fá með sölu um sæstreng gæti fengist margfalt meira, hugsanlega allt að 200 dölum. Ekki er hægt að segja til um það með vissu hversu hátt verð er hægt að fá en miklar verðsveiflur einkenna raforkumarkaði, ekki síst í samhengi við notkunarsveiflur.

Kostir og gallar til skoðunar

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað sagt að lagning sæstrengs til Bretlands sé til skoðunar með opnum huga þar sem hugað verði vel að kostum og göllum slíkrar tengingar við umheiminn. Þar kemur margt til skoðunar; efnahagsleg áhrif, umhverfissjónarmið og ekki síður pólitísk áhrif. Ljóst er að sú staða sem skapast við tengingu Íslands við umheiminn með þessum hætti verður ný fyrir íslenskri stjórnsýslu og íslensku atvinnulífi. Mikil efnahagsleg tækifæri geta skapast, meiri en nokkurn tímann hafa opnast fyrir landinu áður, en á sama tíma gætu fylgt því margar hættur að stíga fyrstu skrefin inn á alþjóðapólitískan orkumarkað ef ekki hefur verið vandað til verka í undirbúningnum. Ekki síst af þessum sökum hefur Landsvirkjun talað fyrir nauðsyn þess að fara ítarlega yfir alla fylgifiska þess að leggja sæstrenginn og selja um hann rafmagn.

Titringur um allt land

Pólitísk óvissa er víða um land í aðdraganda kosninganna 31. maí næstkomandi.



Hagsmunir sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðsins eru oft ansi ólíkir eftir landshlutum og aðstæðum. Kjarninn heldur áfram kosningaumfjöllun sinni og skoðar nú sérstaklega pólitíska stöðu á landinu utan höfuðborgarsvæðisins. Farið er yfir helstu átakalínurnar og hvernig þær hafa áhrif á stjórnmálin í einstökum landshlutum. Atvinnumál eru helsta kosningamál þessara sveitarfélaga, í víðasta skilningi, enda fjárhagsstaða víða erfið.


Um pólitíska landslagið

Um Vestmannaeyjar

Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Fylgi framboðanna til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá Kjarnans, gerð 1. maí 2014.



REYKJAVÍK Kosningabaráttan að hefjast fyrir alvöru

Samfylking enn stærst en Sjálfstæðisflokkur í sókn

Kosningaspá Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði, tekur nokkrum breytingum þegar ný könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 er tekin með í reikninginn. Nú mælist fylgi Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokks nokkuð jafnt og munurinn innan vikmarka. Björt framtíð mældist með 25,0 prósent fylgi í kosningaspánni 14. apríl, en flokkurinn hefur tapað tæpum þremur prósentustigum á rúmum tveimur vikum. Meirihlutinn í borgarstjórn heldur þó enn velli með níu fulltrúa sé tekið mið af kosningaspánni, fimm frá Samfylkingunni og fjórum frá Bjartri framtíð.

Breytingar verða hins vegar á sætum 16 til 20. Sjálfstæðiskonan Hildur Sverrisdóttir er næst inn í borgarstjórn á undan öðrum fulltrúa Pírata. Fylgi Framsóknarflokksins fer upp um 1,8 prósentustig í nýjustu kosningaspánni. Nú er oddviti flokksins, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, í 18. sæti og þriðji næstur inn í borgarstjórn. **BÞH**


Aðferðin

Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannanna við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Spáin er því vegið meðaltal af könnunum. Nánar

Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 1. maí 2014




Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Framsóknarfokkur · Sjálfstæðisflokkur · Samfylkingin · Dögun · Vinstri grænir · Pírataflokkurinn

1	S1	6	A2	11	A3	*16*	D5
2	D1	7	TH1	12	S4	*17*	TH2
3	A1	8	S3	13	D4	*18*	B1
4	S2	9	D3	14	A4	*19*	S6
5	D2	10	V1	15	S5	*20*	A5



Vikmörk í nýjustu spá

A 3,3%	T 0,7%
B 1,6%	V 2,2%
D 3,5%	Þ 2,4%
S 3,5%	

Kannanir í nýjustu spá

Gerð 1. maí 2014

- Könnun Félagsvísindastofnunnar 17. mars til 23. mars 2014
- Þjóðarpúls Capacent 19. mars til 10. apríl 2014
- Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 29. apríl 2014

Gott að hlusta á magann

Framkvæmdastjóri Mentor gefur frumkvöðlum framtíðarinnar heilræði.



Mentor er spennandi sprotafyrirtæki, sem stofnað var upp úr lokaverkefni þriggja tölvunarfræðinema árið 1990. Fyrirtækið býr í dag að yfir tuttugu ára reynslu af rekstri og þróun upplýsingakerfa, er með starfsemi í fimm löndum og yfir sextíu starfsmenn. Ægir Þór Eysteinsson blaðamaður Kjarnans leitaði í reynslubanka Vilborgar Einarsdóttur framkvæmdastjóra Mentors, eftir heilræðum fyrir frumkvöðla framtíðarinnar.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um ítarlega umfjöllun um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

Sigríður Mogensen

hagfræðingur

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Að fylgjast með eins og hálfs árs gamalli dóttur minni vaxa og dafna - hún var að læra að telja upp í fjóra.

Hvert er þitt helst áhugamál?

Að ferðast. Læt mig dreyma um að komast aftur til Asíu á næstu árum.

Hvert er þitt uppáhaldslag?

Halo í útsetningu Hjaltalín. Þetta lag hlýtur að vera samið um mig!

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Illuga Gunnarssonar, þó ég hafi ekki verið sátt við ferð hans á Ólympíuleikana í Rússlandi.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Óskipulag. Verð afar ringluð og pirruð ef ekki er ágætis skipulag á hlutunum.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Til Balí í Indónesíu í algjöra afslöppun.

Hvaða bók lastu síðast?

Animal Spirits eftir Akerlof og Shiller. Mæli með að allir áhugamenn um efnahagsmál lesi hana.

AF NETINU

Samfélagið segir

um lekamál Hönnu Birnu Kristjánsdóttur

Facebook



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Undirskriftasöfnun á http://austurvöllur.is/ Axlaðu ábyrgð Hanna Birna Kristjánsdóttir

Þriðjudagurinn 6. maí 2014



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

„Þetta er bara pólitík mamma - sættu þig við það!" sagði níu ára dóttir mín rétt í þessu, þegar ég var einu sinni sem oftar að svekkja mig á umræðu dagins. Kannski ég ætti að fara að taka meira mark á henni?

Sunnudagurinn 4. maí 2014



SVEINN ANDRI SVEINSSON

Það er nú ekki til að hjálpa Hönnu Birnu í erfiðu máli þegar Sveinn Óskar Sigurðsson fer að skrifa henni til stuðnings. Hann hefði betur látið það vera.

Þriðjudagurinn 6. maí 2014


Twitter



GUDNY THORARENSEN @gudnylt

Hanna Birna, er ekki komin tími til að segja af sér? "Þetta er bara pólitík, sættu þig við það!" #XD #HannaBirna #tímitilaðhætta

Mánudagurinn 5. maí 2014



ÁGÚST S ÓLAFSSON @Gustimono

Hanna Birna situr róleg heima á meðan að íslenska þjóðin fordæmir keppendur í eurovision #12stig

Þriðjudagurinn 6. maí 2014



ATLI VIÐAR @atli_vidar

Hanna Birna kaupir fb spons til að prómótera kvót 9 ára dóttur sinnar um lekamálið. Sósjalmedía feill ársins, eða kúl 2014 múv?

Sunnudagurinn 4. maí 2014

BAKHERBERGIÐ

Fjölmiðlamarkaðurinn loksins rannsakaður?

Fjölmiðlamarkaðurinn hefur verið minnst rannsakaður allra og áhugaleysi samkeppnisyfirvalda til aðgerða á honum blasir við. Það vakti því athygli í bakherbergjunum þegar Sævar Freyr Þráinsson var ráðinn sem aðstoðarforstjóri 365 miðla á dögunum, en fyrirtækið er með markaðsráðandi stöðu á nánast öllum sviðum fjölmiðlunar. Það hefur nefnilega ekkert fyrirtæki verið rannsakað jafn stíft, og sagt hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína jafn oft, af Samkeppniseftirlitinu og Síminn undir stjórn Sævars. Mögulega fylgir sú hefð honum yfir til 365.

Bréf í HB Granda of hátt verðlögð í útboði

Gengi bréfa í HB Granda hefur farið hratt niður á við eftir að um þriðjungur í félaginu var seldur í gegnum útboð í apríl. Í útboðinu var 27 prósenta hlutur í HB Granda seldur á 27,7 krónur á hlut.

Þegar bréfin voru skráð á markað var gengi bréfanna 31 krónur á hlut. Í gærdag var það komið niður í kringum 26 krónur, sem er um sex prósent undir útboðsgengi. Því nýtur HB Grandi þess vafasama heiðurs að vera versta skráning á markað miðað við ávöxtun frá hruni. Í bakherbergjunum er hvíslað um að útboðsgengið hafi verið of hátt.




BRING BACK OUR
'CHIBOK' GIRLS









Bannað að taka þátt í stjórnmálum
Yngluck Shinawatra, forsætisráðherra Taílands, hlaut í gær dóm fyrir misbeitingu valds. Henni hefur verið gert að láta af embætti og meinuð stjórnmálaþátttaka í fimm ár. Fylgismenn hennar mótmæltu í Bangkok, en þeir saka yfirstéttina um að reyna að hrekja Shinawatra úr embætti.

Mynd: AFP



Átök í Slavíansk
Úkraínski herinn barðist við aðskilnaðarsinna í Slavíansk á mánudag, þar sem fjórir hermenn féllu og 30 særðust. Í yfirlýsingu innanríksráðuneytis Úkraínu eru aðskilnaðarsinnar sakaðir um að nota óbreytta borgara sem skildi, en ekki fékkst uppgefið hversu margir óbreyttir borgarar féllu í átökunum.

Mynd: AFP



Mynd: AFP

Hryðjuverkamenn rændu 200 stúlkum

Nígerísku hryðjuverkasamtökin Boko Haram (ísl. Vestræn menning er syndsamleg) rændu 200 stúlkum úr skóla í apríl. Átta stúlkum til viðbótar var rænt á þriðjudag en nú er óttast að stúlkurnar séu látnar. Bandaríkjamenn hafa sent sérstakan leitarhóp til Nígeríu til að hafa upp á stúlkunum.



Ofurhugi lék listir sínar í Búdapest
Ungverski flugmaðurinn Zoltan Veres flaug listflug yfir Dóná í Búdapest á dögunum. Veres er Evrópumeistari í listflugi og sló ekkert af þegar hann steypti sér lóðbeint niður að fljótinu áður en hann stýrði vél sinni úr hættu og undir elstu brú Ungverja; hengibrúnna frægu sem tengir saman Búda og Pest.

Mynd: AFP



Hátt í hundrað metra froðurennibraut í Bristol
Í tilefni af helgarfögnuði í borginni Bristol í Englandi var lögð 95 metra löng froðurennibraut niður Park-stræti þar í borg. Alls sóttu 96.573 um „ticket to slide“ en aðeins 360 fengu að renna sér niður brautina. Margir nýttu daginn vel og klæddu sig í furðuföt. Elvis Presley lét sjá sig ásamt Ofurmenninu.

Mynd: AFP

KJARNINN

Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn



SPES Unglingi sem safnar hári fyrir krabbameinssjúka sparkað úr hafnaboltaliði

Fær ekki að spila nema hann fari í klippingu

Hinn 16 ára gamli Liam Nazarek frá bænum Pincher Creek í Kanada hóf að safna hári fyrir rúmu ári svo hann gæti gefið það samtökum sem búa til hárkollur fyrir krabbameinssjúklinga. Uppátækið hefur hins vegar einhverra hluta vegna mætt harðri andstöðu hafnaboltaþjálfara hans, Bryan MacKenzie, sem bannaði Liam að spila með liðinu nema hann færi í klippingu.

Móðir Liams, Kim Jorgenson, var skiljanlega ósátt við ákvörðun þjálfarans og átti við hann orðastað eftir leik liðsins á dögunum, sem hún tók upp á símann sinn. Myndbandið og frétt um málið er hægt að sjá hér.

Eftir að myndbandinu var dreift á samfélagsmiðlum sendi hafnaboltasamband Pincher Creek frá sér yfirlýsingu þar sem lýst er yfir stuðningi við hafnaboltaþjálfarann og móðirin er gagnrýnd harðlega fyrir myndbandsupptökuna.

Liam Nazarek hefur formlega verið rekinn úr liðinu en annað hafnaboltalið í nágrenninu hefur boðið honum að spila með því.

kjarninn 8. maí 2014

Ábyrgð Reykvíkinga

Magnea Guðmundsdóttir skrifar um húsnæðismál, aðalskipulag og aukið samráð íbúa og yfirvalda.

„Við erum agndofa yfir þessu," sagði íbúi í Vesturbæ þegar kortlagning á möguleikum innan hverfa Reykjavíkur var lögð fyrir nýlega. Sumir hafa talað um „hreina geðbilun að reyna að þvinga fólk með illu út úr einkabílum". Hér er átt við greiningarvinnu fyrir nýtt hverfisskipulag sem er grundvöllur samráðs, íbúalýðræðis og hvernig megi nýta land betur. Ekki er verið að samþykkja að bílskúrar íbúa verði teknir eignarnámi. Vinna sem leggur grunn að skipulagi átta hverfa í borginni markar því tímamót í því hvernig við skipuleggjum umhverfi okkar en hún hefur vakið misjöfn viðbrögð.



Reykjavík er í örum vexti. Húsnæðisskortur í borginni er raunverulegt vandamál og þétting byggðar er eina skynsamlega lausnin. Framtíðarsýn borgarinnar er mótuð í aðalskipulagi og ný hverfi hafa verið byggð til að bregðast

við mannfjölgun. Innan hverfanna eru hús byggð samkvæmt deiliskipulagi sem nær yfir einstaka lóðareiti. Frá aðalskipulagi niður í deiliskipulag er stórt stökk í skipulagsstigi. Á milli liggja götur, opin rými og viss yfirsýn sem hefur orðið út undan og gleymst í samhenginu. Þannig hafa heilu hverfi borgarinnar þróast sundurleit og ekki alltaf með hag íbúanna að leiðarljósi.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því að brúa þetta bil og skoða einstaka borgarhluta sem heild. Nýtt hverfisskipulag mun skapa tækifæri til að hlúa að nærumhverfi og þjónustu í hverfum og gera þau vistvænni. Eitt helsta markmiðið er að miða skipulagið út frá íbúunum sjálfum og þörfum þeirra, að færa skipulagsvinnuna nær notandanum. Reykjavík hefur alla burði til að vera borg með ekki bara miðbæ og úthverfi, heldur samansafn af öflugum hverfum, hvert með sínu sniði. Laugardalur með frábærum útivistarsvæðum, íþróttaaðstöðu og gourmet-matarverslunum. Breiðholt með litríkri menningu úr öllum áttum eða Grafarvogur með einstöku aðgengi að náttúru og sjávarsíðunni.

„Ný sveitarstjórnarlög kveða á um aukið samráð íbúa og yfirvalda. Það er líka í takt við aukna kröfu almennings þess efnis og því ber að fagna.“

Helstu leiðir að betri hverfum eru bættar samgöngur, betri nýting á landi og aukin nærþjónusta. Góð hverfi eru lýðheilsumál og hafa því mikið að gera með lífsgæði okkar. Því er ærin ástæða til að hverfin séu þróuð í góðri sátt við íbúana og kallað sé eftir röddum þeirra. Akkúrat þetta er hlutverk hverfaskipulagsins og með því gefst tækifæri á auknu íbúalýðræði. En því fylgja auknar kröfur til íbúanna um virkni.

Ólíkar raddir þurfa að heyrast

Ný sveitarstjórnarlög kveða á um aukið samráð íbúa og yfirvalda. Það er líka í takt við aukna kröfu almennings þess efnis og því ber að fagna. Mikil verðmæti felast í þekkingu og skoðunum íbúa á umhverfi sínu. Hverfaskipulagið er verkfæri til að virkja þessi verðmæti.

Mikil ábyrgð felst í því að búa við lýðræði; það þarf að gangast við henni og mynda sér upplýstar skoðanir. Það þarf að skoða málið í samhengi, huga að heildarhagsmunum fram yfir einkahagsmuni og án þess að gengið sé á rétt neins.

Það má segja að við séum í betri aðstöðu nú en oft áður að nýta okkur lýðræði. Almenningur er meðvitaðri um rétt sinn, hefur betri aðgang að upplýsingum og er því hæfari til að taka þátt í ákvörðunum um nærumhverfi sitt. Algjör forsenda þátttöku íbúa er að þeir hafi aðgang að upplýsingum. Það þarf líka að vanda vel til upplýsingagjafar. Ótakmarkaður aðgangur er ekki endilega lausnin. Upplýsingarnar þurfa að vera vel framsettar og skiljanlegar, settar í samhengi. Netið er frábær vettvangur og tæki til þátttöku og upplýsingagjafa en ekki nýta sér það allir.

„Reykjavík er í örum vexti. Húsnæðisskortur í borginni er raunverulegt vandamál og þétting byggðar er eina skynsamlega lausnin.“

Klessukeyrt lýðræði

Æ oftar kemur upp krafa um atkvæðagreiðslu um umdeild mál en það mætti segja að atkvæðagreiðsla án upplýstrar umræðu sé misbeiting á lýðræði. Kostirnir eru þrengdir við já eða nei, af eða á. Dregnar eru upp of einfaldaðar myndir og hugmyndirnar fyrir fram ákveðnar. Betra væri ef hugmyndirnar mótuðust með víðtæku samráði frá upphafi, byggða á upplýsingagjöf og þar sem ólíkar raddir heyrast.

Á flugvöllurinn að fara eða vera? Bakvið spurninguna eru fjölmargar aðrar spurningar. Fara hvert? Og ef hann verður áfram, hvar á að koma fyrir þeirri uppbyggingu sem er fyrirhuguð á flugvallasvæðinu? Fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu er áætluð um 70 þúsund til ársins 2040. Byggingaland er takmörkuð auðlind. Hvar á þá að koma því fólki fyrir? Það er að mörgu að huga og það þarf að skoða alla fleti í sanngirni og sátt. Að smætta svona stórar ákvarðanir niður í tvo póla, með eða á móti, er atlaga að lýðræðislegum gildum. Hættan er að ákvarðanir mótist af áhuga þeirra sem eru virkir þáttakendur frekar en af almannahag.

Glötum ekki tækifærinu

Nú reynir á okkur, við þurfum að sýna þroska og þolinmæði til að sinna lýðræðislegum skyldum. Gríðarleg vinna hefur farið fram við upplýsingaöflun, af þverfaglegum hópi fólks, við drög að hverfaskipulagi borgarinnar. Fyrsta skrefið hefur verið tekið, grundvöllur lagður og hverfin kortlögð svo koma megi auga á tækifærin.

Við viljum öll skilvirkari, heilbrigðari og betri hverfi. Verkfærið hefur verið rétt fram og nú er það okkar að nýta það. Við þurfum að kynna okkur málefnin og nýta okkur þann vettvang sem hverfaskipulagið skapar. Verkefnið er til langs tíma og ef alvöru umræða á sér stað er hægt að þróa hverfi í sátt við íbúa og taka ákvarðanir á traustari grunni. Ef þessi vinna er ekki rædd af heilindum fer hún fyrir bí. Lýðræði felur í sér ábyrgð. Missum ekki sjónar af markmiðunum og látum ekki upphrópanir og æsingamenn slá okkur út af laginu.

Hér *er hægt að nálgast nánari upplýsingar um hverfisskipulagsvinnu Reykjavíkurborgar*.

Hildur Sverrisdóttir og
Áslaug Friðriksdóttir

kjarninn 8. maí 2014

Svar við ramm-pólitísku gríni

Hildur Sverrisdóttir og Áslaug Friðriksdóttir, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, svara Dóra DNA um fjármál borgarinnar, fótósjopp, grín og heiðarleika í pólitík.

Dóri DNA kýs að taka djúpt í grínárinni í síðasta Kjarna, þar sem hann beinir í pistli sínum „Fótósjoppframboðið“ spjótum að Sjálfstæðisflokknum og frambjóðendum hans. Það er auðvitað í boði og ekki af honum tekið að pistillinn er hressandi beittur þótt hann sé ekkert sérstaklega málefnalegur. Kannski er ekki hægt að gera þá kröfu til grínista að þeir séu málefnalegir en í þessu tilfelli er friðhelgi grínsins vandmeðfarin. Dóri DNA á beinna hagsmuna að gæta þar sem konan hans er ofarlega á lista Bjartrar framtíðar í borgarstjórnarkosningunum. Það er því sjálfsagt að líta svo á að pistill Dóra sé innlegg í kosningabaráttuna, og ástæða til að svara honum sem slíkum.



Má ekki gagnrýna peninga?

Efniviðurinn sem Dóri DNA notaði í pistli sínum var sem sagt pólitísk umræða um síðasta ársreikning Reykjavíkurborgar. Við greinarhöfundar vorum sérstaklega teknar fyrir út af Twitter-samskiptum sem við áttum við Dóra á meðan ársreikningurinn var til umræðu í borgarstjórn, þar sem við bentum á að síðan núverandi meirihluti tók við hafa hreinar skuldir A-hluta borgarsjóðs hækkað um 16 milljarða, og höfðum reiknað út að það væru um það bil 15 milljónir á dag.

Dóri DNA sagði um þá útreikninga í pistli sínum að ef það væri stríð yrði sá sem reiknaði út svoleiðis tekinn bakvið hús og aflífaður. Við erum sem betur fer ekki í stríði en við skiljum ekki alveg af hverju við megum ekki reikna út skuldasöfnun borgarinnar. Það hefði auðvitað verið réttlætanlegt að hrauna yfir málflutning okkar ef við værum ekki að segja satt. En svo er ekki og það er reyndar ekkert í pistli Dóra DNA sem rengir tölurnar.

Af pistli Dóra má hins vegar ráða að honum finnist slík gagnrýni ósanngjörn gagnvart fólki og flokkum sem séu bara að reyna að gera sitt besta. Og allra síst eigi sjálfstæðismenn að gagnrýna neitt, þar sem allt sem aflaga hefur farið sé þeim að kenna og þeir eigi því bara að þegja.

„Góð pólitík felst í að minnihlutinn veiti meirihlutanum aðhald.“

„Stórundarlegt upphlaup“

Hann talar um að gagnrýni okkar hafi verið „stórundarlegt upphlaup“ en það er stór misskilningur að það felist einhver góð pólitík í því að minnihlutinn vinni ekki vinnuna sína og sitji bara og þegi á meðan meirihlutinn gerir sitt besta. Góð pólitík felst í að minnihlutinn veiti meirihlutanum aðhald og setji fram rökstudda gagnrýni. Og fjárhagsstaða borgarinnar hefur nú einu sinni beina skírskotun í forgangsröðun borgarkerfisins, veski borgarbúa, og er grunnurinn að allri þeirri pólitík sem stýrir borginni. Af hverju tekur Dóri það svona óstinnt upp fyrir hönd borgarstjórnarmeirihlutans að hann sé gagnrýndur á þeim grundvelli? Vill hann fótósjoppa

pólitíkina þannig að hún verði bara eitt allsherjar misfellulaust og meðvirkt hallelúja með valdhöfum?

Dóri hnýtir einnig í okkur fyrir að segja að þessar 15 milljónir sem núverandi meirihluti hefur safnað í skuldir á hverjum degi undanfarin þrjú ár samsvari því að eyða kostnaði Hofsvallagötutilraunarinnar á hverjum degi kjörtímabilsins. Við vorum aðallega að setja í samhengi hvað þessar fjárhæðir þýða. Því meiri sem meðvitund borgarbúa um fjármál borgarinnar er, þeim mun betra. En það var vissulega fullódýrt að nota það dæmi, þar sem Hofsvallagatan virðist kveikja næstum því jafnheitar tilfinningar og flugvöllurinn.

Skuldasöfnun

Dóri segir jafnframt ósanngjarnt af okkur að vera almennt að fetta fingur út í þessa skuldasöfnun meirihlutans, því hún stafi af láni til Orkuveitunnar. Það er ekki ósanngjarnt að horfa á skuldasöfnun borgarinnar í heild sinni, þar sem meirihlutinn hefur talað mikið um góðan árangur í málefnum Orkuveitunnar og því er eðlilegt að horfa til þess að þar hafi borgin lagt fyrirtækinu til lánsfé. Dóri orðar það reyndar þannig að peningarnir hafi þurft að fara í Orkuveituklúður sem sé „alfarið“ á ábyrgð Sjálfstæðisflokksins. Við vitum ekki hvort að þarna hafi hann óafvitandi eða meðvitað langað til að hengja bakara fyrir smið. Í öllu falli er ástæða til að taka fram að R-listi vinstriflokkanna stjórnaði Orkuveitunni illa og bruðlaði með peninga í allt of dýrar höfuðstöðvar, fjarskiptaævintýri og fjáraustur í alls konar óskyldan rekstur ásamt því að gera fyrirtækið stórskuldugt með of háum arðgreiðslum. Sjálfstæðisflokkurinn ber sína ábyrgð á að hafa ekki horfið frá þeirri stefnu nógu hratt þegar hann náði völdum og sama má segja um 100 daga vinstrimeirihluta „Tjarnarkvartettsins“. Frá stofnun Orkuveitunnar var það því

> „Af pistli Dóra má hins vegar ráða að honum finnist slík gagnrýni ósanngjörn gagnvart fólki og flokkum sem séu bara að reyna að gera sitt besta.“

aðallega stefna frá vinstriflokkum að skuldsetja Orkuveituna upp í rjáfur. Hrunið gerði svo þær skuldir illviðráðanlegar. Um þetta allt má lesa í skýrslu úttektarnefndar um Orkuveituna sem kom út 2012. Það er auðvitað ekkert sérstaklega eftirsóknarverð pólitík að draga endalaust fram hvaða flokkur gerði hvað á hverjum tíma og fyrirgefa aldrei gamlar syndir, en það virðist stundum þurfa að minna á að þeir sem hafa stýrt borginni og öllum fyrirtækjum hennar meira og minna frá árinu 1994 eru aðrir en sjálfstæðismenn.

Fótósjoppuð hugmyndafræði?


Í endursögn Dóra af rökræðum okkar á milli á Twitter leggur hann út af orðum okkar eins og að við höfum verið að kalla meirihlutann trúða og kommúnista og hann sjálfan feitt svín sem ætti að fokka sér. Það þarf mjög einbeittan brotavilja til að snúa svo hressilega út úr því sem við vorum að segja en svo að það sé sagt þá lítum við ekki á neinn í meirihlutanum sem trúð, okkur þykir það að tala um kommúnista vera óttalega 1962 og „fokkaðu þér feita svín!“ sagði enginn, aldrei.

„Ef það er eitthvað sem Jón Gnarr og Besti flokkurinn hefur kennt okkur þá er það að einlægnin er ofar öllu,“ skrifar Dóri. Og vissulega skipta einlægni og heiðarleiki máli í pólitík. Borgarstjóra hefur einnig verið tíðrætt um að það sé ofbeldiskúltúr í pólitíkinni sem sé vert að uppræta. Það er því áhugavert að fylgismanni hans og þess stjórnmálaafls sem lagði áherslu á að bæta samtal og umtal og orðræðu og efla virðingu og heiðarleika og hvaðeina finnist það vera í anda þess að mæta pólitískum andstæðingum með slíkum fyrirframgefnum fordómum. Hver er munurinn á slíku gríni og að kalla borgarstjóra trúð?

Þegar Besti flokkurinn bauð fram fyrir fjórum árum töluðu frambjóðendur hans mikið um að þáverandi stjórnmálamenn væru óheiðarlegir og spilltir og það ætti að gefa þeim, „fávitunum“, frí. Þegar Jón Gnarr tilkynnti í haust að hann ætlaði að hætta í pólitík viðurkenndi hann að hann væri búinn að skipta um skoðun því hann teldi nú að stjórnmálamenn væru alla jafna bara að reyna að gera sitt besta.

Það er rétt og rausnarlegt af honum að segja það. Öll skref sem stigin eru í átt að því að hægt sé að bera virðingu fyrir pólitískum andstæðingum þrátt fyrir að pólitískar áherslur stangist á eru nefnilega þakklát. Vonandi fer pólitíkin batnandi, en það er misskilningur að halda að tilgangur hennar sé ekki að takast á um mismunandi áherslur.

Auður Jónsdóttir
rithöfundur



Hversu miklu get ég stolið?

Auður Jónsdóttir rithöfundur veltir fyrir sér hversu miklu sé hægt að stela frá börnunum sínum.

Pólitíkin í dag snýst um margt – og margt – en umfram allt snýst hún um spurninguna: Greiðirðu atkvæði með mögulegri framtíð eða endalokum heimsins eins og við þekkjum hann? Það gildir bæði um heimspólitíkina og pólitíkina á Íslandi.

Þessi staðreynd leitaði á mig í síðustu viku þegar ég rakst á hugleiðingu lífsreynds landa á besta aldri. Páll Bergþórsson veðurfræðingur hafði skrifaði eftirfarandi á Facebook í tilefni af 1. maí: „Eiginlega ætti þessi dagur ekki bara að vera helgaður verkamönnum, heldur öllum sem ekki tilheyra auðvaldsstéttinni miklu og fámennu eða áhangendum hennar. Við þurfum að finna hvert annað. Við þurfum nýja hagfræði."

Mér fannst hann orða þetta svo vel og að sama skapi er þetta svo rétt hugsað, að við þurfum að finna hvert annað. Við að lesa þessa einu setningu leið mér eins og þegar ég var unglingur að loka bók sem hafði snert í mér hjartað á þann hátt að ég fann að hún var á einhvern hátt sannari en aðrar bækur.

Það sem allir vita

Við lifum í heimi þar sem stórfyrirtæki með hættulega mikil ítök í stjórnmálum jafnt sem fjölmiðlum misnota bæði umhverfi og samfélög, á þann hátt að ógnvænlegar náttúruhamfarir verða sífellt algengari og þeir ríkari verða ríkari á kostnað almennings. Vextir og vaxtavextir fita innistæður þeirra ríku á slíkum ógnarhraða að þessi þróun verður sífellt hraðari og ágengari; auðkýfingar keppast við að kaupa jarðir og stofna stórfyrirtæki sem valta yfir náttúruna og mannlífið.

Við vitum þetta öll, sama í hvað flokki – eða ekki flokki – við stöndum. Ég kann varla við að tyggja þennan margtuggða sannleika ofan í lesendur Kjarnans en því miður er málum þannig háttað á Íslandi að þjóðkjörnir ráðamenn fá dollaramerki í augun þegar talið berst að olíuleit á Drekasvæðinu og óafturkræf virkjun á Kárahnjúkum, sem hefur eyðilagt meira en orð fá lýst, verður um ókomna tíð minnisvarði ríkisstjórnarflokkanna, svo fátt eitt sé nefnt.

„Ég kann varla við að tyggja þennan margtuggða sannleika ofan í lesendur Kjarnans.“

Að því ógleymdu að ráðamenn dansa nú ástleitnir við þá sem gambla með íslenskar auðlindir á sama tíma og þeir reyna allt hvað þeir geta til að stöðva aðildarviðræður þjóðarinnar við ESB, meðvitaðir um lög og reglugerðir þar á bæ sem geta komið í veg fyrir frekari níðingsskap gegn náttúru Íslands.

Gott fólk er að finna í flestum flokkum

Nú er það ekki svo að ég trúi því að þjóðin skiptist í svart og hvítt: stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og svo allt góða fólkið. Þvert á móti held ég að það sé ágætis fólk að finna í öllum flokkum, þó að ég sé eindregið á móti flestu því sem núverandi ríkisstjórn hefur stutt.

Í gegnum tíðina hef ég kosið að minnsta kosti fjóra stjórnmálaflokka, stutt einhverja opinberlega en stundum endað með að kjósa aðra, skráð mig í flokka til að kjósa (svindla) í prófkjörum, gegnt starfi barnapíu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem ég faldi silfurpela fyrir fundarmenn í tómu leikherberginu, deitað framsóknarmann, setið

sem fulltrúi ungra kvenna í nefnd flokks, sem ég man ekki lengur hvort var Alþýðubandalagið eða Samfylkingin, dvalið með trúnaðargögn þess sama flokks heima hjá Einari Oddi Kristjánssyni heitnum og beðið hann um að hjálpa mér að skilja þau svo að nefndarmennirnir uppgötvuðu ekki fáfræði mína.

Já, ég hef átt góða vini í öllum flokkum, dáðst að þingmanninum Pétri Blöndal þegar hann sólóar hvað heitastur í sannfæringu sinni, skrifað í málgang Allaballa í Mosó jafnt sem Morgunblaðið eftir hrun og tja ... bara allt þar á milli. Gott ef ég skráði mig ekki í Frið 2000 til að fá gefins tólf klassíska geisladiska, að undirlagi tónelskrar eiginkonu núverandi menntamálaráðherra sem hvatti mig eindregið til þess.

Fyrst ég er að rifja þetta upp rámar mig líka í að hafa á yngri árum tvívegis skráð mig í stjórnmálaflokk til að fá tilboð á flugmiða og gistingu í útlöndum. Einhver álítur mig kannski pólitískt gleðikvendi, já eða efni í diplómata, allt eftir því hvernig á það er litið.

Rómantískur draumur

Hafandi komið svona víða við veit ég að fólkinu í öllum þessum flokkum þykir vænt um börnin sín. Í öllum flokkum eru góðar mömmur og góðir pabbar, góðar ömmur og góðir afar. Þess vegna er svo erfitt að skilja af hverju allir þessir góðu foreldrar styðja ekki af öllu hjarta þau úrræði sem geta stuðlað að því að börnin þeirra öðlist góða framtíð.

Nú hljómar gleðikvendið dramatískt frekar en diplómatískt – en málið er bara að þeir sem horfast ekki í augu við þá vá sem ógnar umhverfinu, og þar með mannlífinu, þeir lifa í rómantískum draumi.

Þess vegna hefur veðurfræðingurinn rétt fyrir sér þegar spáin hans hljóðar á þessa leið: „Við þurfum nýja hagfræði."

Þess vegna segir hann allt sem segja þarf með orðunum: „Við þurfum að finna hvert annað."

Því við þurfum að standa saman til að takast á við verkefni sem er okkur ofviða hverju í sínu lagi. Til þess þurfum við að

skilja hvert annað. Eygja foreldrið hvert í öðru. Hjálpast að við að bjarga börnunum okkar – og börnum heimsins.

Það getum við Íslendingar gert með því að horfast í augu við ástandið, ræða það opinskátt í samfélagsmiðlunum og hugsa stórt frekar en smátt; velta upp öllu því sem við getum mögulega gert sem fámenn þjóð til að takast á við heimsvandann og móta umhverfisvæna stefnu, bæði í sem mestri þjóðarsátt og vísindasamstarfi við aðrar þjóðir.

Sem móðir hef ég ekki lengur þol fyrir stjórnmálamönnum sem hunsa margsannað hættuástand, þeir minna mig á drukkinn skólabílstjóra.

Grænn 1. maí

Á dögunum blöktu grænir fánar í 1. maí göngunni. Einhverju sinni hefði það þótt mótsagnakennt og sumum finnst jafnvel ennþá að umhverfisvernd hljóti að stríða á móti hagsmunum alþýðunnar, til að mynda fólks sem aflar sér lífsviðurværis á vinnustöðum sem seint myndu teljast umhverfisvænir eða þess sem finnur mögulega á óþægilegan hátt fyrir grænni stefnu á launaseðlinum. Málið er bara að alþýðan og náttúran eru að bugast undan sama tröllinu: valdi auðsins sem virðir ekki líf í nokkurri mynd. Þar af leiðandi hlýtur alþýðan að sjá hag sinn í umhverfisvernd. En nú er svo komið að án róttækrar vitundarvakningar í umhverfismálum verður ekkert að berjast fyrir um það leyti sem börnin okkar ættu, undir venjulegum kringumstæðum, að eiga notalegt ævikvöld með einhvern ellilífeyri á milli handanna. Þegar þar að kemur munu gamlar ljósmyndir feykjast um sandblásna auðn; myndir af okkur, mér og þér, okkur sem lifðum fyrir gróða. Okkur sem hugsuðum ekki: Hversu mikið get ég gefið börnunum mínum? – heldur: Hversu miklu get ég stolið frá börnunum mínum?

„Nú er það ekki svo að ég trúi því að þjóðin skiptist í svart og hvítt: stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar og svo allt góða fólkið.“



Kynþáttaníð Donald Sterling og viðbrögð NBA

Hvernig á körfuboltadeild að takast á við niðrandi ummæli eiganda liðs í einkasamtali?

MARKAÐSMÁL
Grétar Sveinn Theodórsson
@gretartheodors

Þegar hljóðupptökur af rasískum ummælum Donald Sterling, eiganda bandarísku körfuboltaliðsins Los Angeles Clippers, rötuðu í fjölmiðla seint í apríl stóð NBA-deildin frammi fyrir einhverri verstu krísu sem hún hefur séð í langan tíma. Á upptökunum heyrðist Sterling biðja fyrrverandi kærustu sína um að koma ekki með blökkumenn á leiki hjá liðinu né birta af sér myndir með þeim á Instagram. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem Sterling kemst í fréttirnar vegna kynþáttahaturs. Hann hefur meðal annars verið sakaður um að neita að leigja blökkumönnum og fólki



Eldskírn
Mál Donald Sterling var fyrsta stóra málið sem Adam Silver hefur þurft að takast á við sem framkvæmdastjóri NBA-deildarinnar síðan hann tók við starfinu.

af rómönskum uppruna íbúðir, en Sterling á fjölda slíkra í Los Angeles. Leikmenn bæði Clippers og annarra NBA-liða, en um 80% leikmanna deildarinnar eru blökkumenn, voru skiljanlega mjög ósáttir og höfðu í hyggju að sleppa því að spila leiki ef Sterling yrði ekki refsað á viðunandi hátt fyrir ummælin. Athyglin beindist að nýjum framkvæmdastjóra deildarinnar, Adam Silver, en þetta mál var fyrsta alvöru prófið sem hann stóð frammi fyrir og leikmenn, þjálfarar, eigendur, fjölmiðlar og almenningur voru á einu máli um að refsa þyrfti Sterling harkalega.

Það sem flækti málin fyrir Silver, ef horft er á málið út frá sjónarhorni almannatengsla, er að í raun vissi enginn hvað Silver gæti og gæti ekki gert og því var erfitt fyrir málsaðila að setja fram einhverjar kröfur og gera sér væntingar um niðurstöðu. Á þriðjudeginum fyrir viku hélt Adam Silver síðan blaðamannafund þar sem hann setti Donald Sterling í lífstíðarbann frá NBA-deildinni. Hann má aldrei framar mæta á leiki þar, auk þess sem hann var sektaður um 2,5 milljónir dollara, sem er hámarksupphæð sekta í deildinni. Í stuttu máli gerði Silver allt rétt og hafa leikmenn, eigendur og fjölmiðlar keppst við að hlaða hann lofi fyrir ákvörðun sína. Silver ræddi einnig við eigendur hinna 29 liðanna í deildinni um að neyða Sterling til að selja liðið, en ¾ hluti eigenda verða að styðja þá ákvörðun, og er það gríðarlega


mikilvægt fyrir Silver að það verði samþykkt. Þar sem aðrir eigendur hafa keppst við að fjarlægja sig frá Sterling eins mikið og þeir mögulega gátu undanfarna daga virðist það ekki ætla að verða vandamál.

Framkoma Silver á blaðamannafundinum hefur verið mikið rædd og þótti hann vera virkilega vel undirbúinn, ákveðinn og rökfastur. Hann svaraði spurningum blaðamanna með stuttum, skýrum svörum, hann var opinn og sýndi það svart á hvítu að NBA-deildin tæki þessu máli ekki létt. Enginn veit hver næstu skref Sterling verða og telja margir ólíklegt að hann taki þessari ákvörðun þegjandi og hljóðalaust enda hefur hann engu að tapa. Hann byrjaði auk þess starfsferilinn sem lögmaður í skaðabótarétti og nýtur þess að vera í straumrótinu. Þetta mál gæti því dregist á langinn kjósi Sterling að fara með það fyrir dómstóla.

„Það sem flækti málin fyrir Silver, ef horft er á málið út frá sjónarhorni almannatengsla, er að í raun vissi enginn hvað Silver gæti og gæti ekki gert.“

Það er engin ein rétt leið út úr svona krísu en það er óhætt að segja að Silver hafi staðist fyrsta prófið með láði, og það aðeins nokkrum mánuðum eftir að hafa tekið við sem framkvæmdastjóri deildarinnar. Með skjótum, afgerandi ákvörðunum kom hann í veg fyrir meiriháttar læti í NBA-deildinni og sýndi um leið Bandaríkjunum, og heiminum öllum, hvernig á að bregðast við kynþáttahatri.

Hljóðupptakan sem lak á netið:



Þegar viðbrögð Silver eru skoðuð sjáum við nokkur lykilatriði sem eiga við í öllum krísum:

- Skjót viðbrögð: Silver og NBA létu málið ekki grassera lengi, heldur tækluðu það strax og úrskurður Silver kom nokkrum dögum eftir að upptakan lak í fjölmiðla.

- Skýr skilaboð: Ákvörðunin um að banna Sterling til lífstíðar og sekta hann um 2,5 milljónir dollara er ótvíræð og sendir skýr skilaboð til aðdáenda, leikmanna og eigenda – það er ekkert pláss fyrir kynþáttahatur í NBA.

- Vertu heiðarlegur og ekki réttlæta óviðeigandi hegðun: Það er áhugavert að NBA-deildin fór ekki fram á þröngvaða eða óeinlæga afsökunarbeiðni frá Sterling, eins og maður sér oft í málum eins og þessum. Það voru engar afsakanir, engar ráðleggingar um viðeigandi ráðgjöf fyrir Sterling heldur bara afgerandi ákvörðun sem gerði deildinni, og Silver, kleift að halda trúverðugleika sínum hjá bæði leikmönnum og aðdáendum.

- Vertu óhræddur: Það var mikil utanaðkomandi pressa á Silver um að taka hart á málinu. Saga Sterling gerði þessa ákvörðun sennilega auðveldari en ef hún hefði átt við einhvern af hinum 29 eigendunum í deildinni, en það breytir því ekki að Silver þurfti að vera tilbúinn að sýna að deildin tæki hart á svona hegðun.

- Taktu púlsinn: Silver var óhræddur við að ræða við aðila sem tengdust málinu. Hann ræddi meðal annars við aðra eigendur, leikmenn Clippers og Kevin Johnson, borgarstjóra Sacramento og fyrrverandi leikmann Phoenix Suns, og ráðgjafa leikmannasamtaka NBA í þessu máli áður en hann tók ákvörðun.

APPIÐ

Rúna Dögg
verkefnastjóri hjá Brandenburg

„Ég er með iPhone 5-síma“



PINTEREST

Uppáhalds appið. Rafrænt moodboard þar sem ég pinna það sem mér finnst fallegt og sniðugt. Nota mikið fyrir mig og börnin mín, heimilið og vinnuna.

VSCOCAM

Myndavél með flottum filterum. Samfélagið í tengslum við appið er skemmtilegt, en þar er hægt að fylgjast með öðrum sem nota myndavélina og fleira.


HOOTSUITE

Ágætis app fyrir vinnuna en þar get ég fylgst með virkni á þeim samfélagsmiðlasvæðum sem ég er að vinna með hverju sinni.

TÆKNI Keecker er feiti og hæfileikaminni litli bróðir R2-D2

Keecker er hvorki hjálmur sem tónlistarmennirnir í Daft Punk nota né einhverskonar rafrænt egg. Þvert á móti er þetta einkennilega útlítandi vélmenni, færanlegur nútíma skjávarpi sem gerir þér kleift að horfa á hvað það sem þig lystir, hvar sem er innan veggja heimilisins. Auk þess spilar Keecker líka tónlist og er með innbyggða myndbandsupptökuvél. Eigendur Keecker geta því fylgst með heimili sínu hvar og hvenær sem er.

Upplausnin er reyndar ekkert sérstök, 1.280X800, en öflugur myndvarpi tækisins gerir það að verkum að hægt er að horfa á myndefni hvenær sem er dags.



Keecker getur líka teiknað stafrænt á veggina þína, vakið þig með sérvaldri tónlist, gert þér kleift að taka Skype-símtöl á gangi um húsið og sagt þér hvert hitastigið er.

Keecker gengur fyrir Android stýrikerfi og er stýrt með farsíma. Tækið er 16 tommur á breiddina og 25 tommur á hæð.

Innbyggt í Keecker er 360 gráðu hljóð- og myndband-supptökukerfi.



Sögulegt nýliðaval í NFL

Michael Sam verður að öllum líkindum fyrsti opinberlega samkynhneigði NFL-leikmaðurinn á næstu dögum. Nýliðavalið hefst í nótt.

ÍÞRÓTTIR
Loftur Kristjánsson

Háskólaneminn Michael Sam komst í heimsfréttirnar í febrúar síðastliðnum þegar hann opinberaði samkynhneigð sína. Venjulega væri það ekki fréttnæmt að háskólanemi tilkynnti slíkt en Sam er ekki hinn hefðbundni nemandi. Michael Sam spilar nefnilega ameríska fótbolta, þá íþrótt sem mætti eflaust telja ímynd karlmennskunnar meðal íþrótta heimsins.

Kvöldið í kvöld og næstu tveir dagar verða þýðingarmiklir í lífi Sam því þá fer fram hið árlega nýliðaval NFL-deildarinnar, þegar liðin velja sér leikmenn úr háskólaboltanum. Fjörið

hefst á miðnætti í kvöld á íslenskum tíma þegar 1. umferðin byrjar og lýkur svo á laugardag þegar 256. og síðasti leikmaðurinn hefur verið valinn. Allar líkur eru á því að Sam verði einn af þessum 256 leikmönnum og þar með fyrsti opinberlega samkynhneigði leikmaður deildarinnar og einungis sá annar í sögu bandarískra atvinnumannaíþrótta. Körfuboltamaðurinn Jason Collins varð sá fyrsti fyrr í ár þegar hann spilaði sinn fyrsta leik eftir að hafa opinberað samkynhneigð sína í fyrra. Skoðum aðeins Michael Sam og nokkra aðra leikmenn sem eru áhugaverðir í nýliðavalinu í ár.

„Allar líkur eru á því að Sam verði einn af þessum 256 leikmönnum og þar með fyrsti opinberlega samkynhneigði leikmaður deildarinnar og einungis sá annar í sögu bandarískra atvinnumannaíþrótta.“

Jadeveon Clowney

21 árs varnarlínumaður – 1,98 m að hæð – 121 kg að þyngd

Jadeveon Clowney er af flestum talinn besti leikmaðurinn í nýliðavalinu í ár. Hann skaust fram á sjónarsviðið í fyrra með þessari tæklingu.

Clowney er einfaldlega líkamlegt viðundur því auk þess að vera jafn stór og þungur og hann er þá hleypur hann gríðarlega hratt. Hann hleypur 40 yarda sprett (36,5 metrar) á 4,53 sekúndum, sem þýðir að hann er fljótari en nánast allir leikstjórnendur deildarinnar sem Clowney mun reyna að tækla á vellinum. Helstu veikleikar Clowneys sem leikmanns eru að hann virðist latur og gefur sig ekki allan í hvert einasta skipti sem hann er inni á vellinum, auk þess sem hann getur bætt tækni sína. Einnig skortir hann aga bæði innan sem utan vallar. Góður þjálfari ætti þó að geta lagað þessi vandamál og gert Clowney að þeim frábæra leikmanni sem hann getur verið. Líklegustu áfangastaðir eru Houston Texans (1. valréttur), Jacksonville Jaguars (3. valréttur) og Atlanta Falcons (6. valréttur).




Johnny Manziel

21 árs leikstjórnandi – 1,83 m að hæð – 94 kg að þyngd

Johnny Manziel er afar athyglisverður leikmaður. Hann spilar mikilvægustu stöðu leiksins og því mun hvíla á honum mikil pressa um að standa sig. Manziel fékk árið 2012 Heisman-bikarinn, sem er veittur besta leikmanni háskólaboltans ár hvert, en hann varð fyrsti nýneminn í sögunni til þess að vinna verðlaunin. Það mætti líkja honum við töframann því hann er með eindæmum lunkinn við að koma sér undan varnarmönnum og gefa sér meiri tíma til að kasta boltanum til liðsfélaga sinna.

Auk þess að vera með sterkan handlegg er Manziel einnig snöggur og góður í að hlaupa sjálfur með boltann ef engir góðir sendingarmöguleikar eru í boði. Veikleikar hans eru að vera heldur lágvaxinn fyrir stöðuna, sem gæti gert honum erfitt að sjá yfir sóknarlínumenn og þar með að finna útherja sína. Manziel er einnig þekktur glaumgosi sem þykir gaman að skemmta sér. Sá lífsstíll leiðir til spurninga varðandi það hversu fókuseraður hann er á atvinnu



sína. Líklegustu áfangastaðir eru Houston Texans (1. valréttur), Jacksonville Jaguars (3. valréttur) og Cleveland Browns (4. valréttur).



Sammy Watkins

20 ára útherji – 1,85 m að hæð – 96 kg að þyngd

Sammy Watkins stendur upp úr þegar talað er um útherja í valinu. Watkins er stórhættulegur sóknarmaður sem að getur skorað í hvert einasta skipti sem hann grípur boltann. Watkins er leiftursnöggur og með frábærar hendur og þar með martröð fyrir varnarmenn að dekka. Getur unnið leiki upp á sitt eindæmi.

Hefur fáa galla, sem allir ættu að hverfa með góðri og markvissri þjálfun. Verður að öllum líkindum valinn með einum af 10 fyrstu valréttunum og sennilega einum af 5 fyrstu. Líklegustu áfangastaðir eru Jacksonville Jaguars (3. valréttur), Cleveland Browns (4. valréttur)og Tampa Bay Buccaneers (7. valréttur).

Teddy Bridgewater


21 árs leikstjórnandi – 1,91 m að hæð – 97 kg að þyngd

Teddy Bridgewater er mesta spurningarmerkið af leikmönnum nýliðavalsins. Í lok tímabilsins var hann talinn vera besti leikstjórnandinn sem væri í boði en nú á síðustu mánuðum þegar liðin hafa grandskoðað hvern einn og einasta leikmann virðist svo ekki vera lengur. Manziel og fleiri hafa tekið við keflinu sem efnilegustu leikstjórnendurnir á meðan óvissa ríkir um með hvaða valrétti Bridgewater verði valinn. Það gæti allt eins reynst að hann verði valinn mjög snemma og þessar sögusagnir hafi verið blásnar upp af fjölmiðlum eða þá að þær eru sannar og hann verður valinn seint í fyrstu umferð eða jafnvel síðar. Bridgewater hjálpaði ekki sjálfum sér hvað þetta varðar því hann átti skelfilega æfingu þar sem útsendarar allra liða voru samankomnir.

Þar kastaði hann lélegum og ónákvæmum boltum. Á hinn bóginn stóð hann sig frábærlega



í alvöru leikjum, sem á endanum verður að vega þyngra. Bridgewater hefur fáa veikleika en er tæknilega séð afar góður, mikill leiðtogi og býr yfir miklum leikskilningi.



Michael Sam

24 ára varnarlínumaður – 1,88 m að hæð – 118 kg að þyngd

Þrátt fyrir alla umfjöllunina sem Michael Sam hefur fengið munu það vera hæfileikar hans sem leikmanns sem skera úr um hversu góður hann verður og hvenær hann verður valinn. Áður en hann opinberaði samkynhneigð sína var talið líklegt að hann yrði valinn í þriðju eða fjórðu umferð en nú er talið líklegra að hann verði valinn í fimmtu til sjöundu umferð. Sam stóð sig ekki vel í hinum ýmsu æfingum á hinu árlega „Scouting Combine“ þar sem hann m.a. hljóp hægar en búist hafði verið við. Mun sennilega þurfa að skipta um stöðu sem atvinnumaður þar sem hann er heldur of lítill fyrir núverandi stöðu. Helsti kostur hans er óstöðvandi mótor og að hann gefst aldrei upp. Athyglisverðast verður þó að sjá hvort kynhneigð hans muni hafa einhver áhrif á það hvenær hann er valinn og hvernig honum verður tekið í búningsklefanum. Flestir eru á þeirri skoðun að hvorugt muni vera vandamál þó svo að ekki séu auðvitað allir sammála.



Skapandi ferli lýkur aldrei

Yfirskrift Listahátíðar í Reykjavík í ár er EKKI LOKIÐ. Þetta er í 28. sinn sem hátíðin fer fram.

MENNING
Arndís Björk Ásgeirsdóttir
kynningarstjóri Listahátíðar

Tuttugasta og áttunda Listahátíð í Reykjavík verður sett fimmtudaginn 22. maí næstkomandi. Hátíðin stendur til 5. júní með fjölbreyttri dagskrá en alls koma hátt í fimm hundruð listamenn frá um tuttugu löndum fram á yfir 60 tónleikum, leiksýningum, kvikmyndasýningum, gjörningum og myndlistarsýningum.

Yfirskrift hátíðarinnar í ár er EKKI LOKIÐ – þar sem hið skapandi ferli listamannsins, sem aldrei lýkur, er haft til hliðsjónar. Listahátíð, sem fyrst var haldin árið 1970, hefur verið mikilvægur vettvangur alþjóðlegs samstarfs listamanna

auk þess sem hátíðin hefur stuðlað að nýsköpun fjölda verka í gegnum árin. Hátíðin í ár er engin undantekning frá því, en á henni má finna stór samstarfsverkefni listamanna úr ólíkum áttum og einnig minni viðburði og sýningar þar sem áherslan er lögð á það allra nýjasta úr smiðju íslenskra listamanna.



Högni opnar hátíðina

Opnunaratriði hátíðarinnar er nýtt verk, Turyia, eftir Högna Egilsson, pantað sérstaklega af Listahátíð í Reykjavík. Klukkur Hallgrímskirkju og Landakotskirkju leika stórt hlutverk í verkinu og einnig Björllukórinn en Högni mun stýra verkinu frá Tjörninni í Reykjavík.

Opnunartónleikarnir fara síðan fram í Norðurljósasal Hörpu, en þar mun Kammersveit Reykjavíkur, sem í ár fagnar fjörutíu ára starfsafmæli sínu, flytja eitt af lykilverkum tónbókmennta 20. aldarinnar, Pierrot Lunaire eftir Arnold Schönberg. Einnig mun hún frumflytja nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson, samið sérstaklega fyrir sveitina. Harpa verður miðpunktur hátíðarinnar fyrstu dagana, en alls verða þar sjö tónleikar af ýmsum toga með innlendum og erlendum tónlistarmönnum. Þar má telja fremstan í flokki velska bassa-barítónsöngvarann Bryn Terfel, sem heillað hefur áheyrendur upp úr skónum um heim allan á farsælum tæpum þrjátíu ára ferli sínum. Þriðja sinfónía Gustavs Mahler hljómar í

allri sinni dýrð í Eldborg í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og kóranna Vox Feminae og Stúlknakórs Reykjavíkur undir stjórn hins þekkta hljómsveitarstjóra Osmo Vänskä. Einsöngvari í verkinu er bandaríska mezzósópransöngkonan Jamie Barton, sem um þessar mundir stendur á barmi heimsfrægðar. Píanóvirtúósinn Khatia Buniaitshvili heldur tónleika í Eldborg á uppstigningardag þar sem hún leikur þekkt glæsistykki sem gefa svigrúm til persónulegrar túlkunar og glæsilegra flugeldasýninga. Þá eru ótaldir aðrir tónleikar í Hörpu sem og aðrir tónleikar sem fram fara í minni sölum víða um borgina og einnig á Vatnasafninu á Stykkishólmi.



40 ára
Kammersveit Reykjavíkur á stórafmæli um þessar mundir og fagnar því með opnunartónleikum í Norðurljósasal Hörpu.

Wide Slumber og Samuel Beckett

Leikhúsið fær sitt pláss á hátíðinni, en á opnunardegi verður frumsýnt nýtt verk í Brimhúsinu við Geirsgötu sem nefnist Fantastar. Í þessu ævintýralega verki fer Margrét Vilhjálmsdóttir fyrir fríðum hópi listamanna frá Grænlandi, Íslandi og Færeyjum. Tónleikhúsverkið Wide Slumber kemur úr smiðju VaVAVOOM leikhússins og Bedroom Community verður sýnt í Tjarnarbíói. Í Þjóðleikhúsinu verða tvo verk sýnd, Biðin heimildamynd um leiklestur á verki Samuels Beckett þar sem nokkrir ástsælustu leikarar þjóðarinnar, þeir Gunnar



Lusus naturae
Sýningin mun verða sýnd í Hafnarborg.

Eyjólfsson, Erlingur Gíslason, Pétur Einarsson, Arnar Jónsson og Sigurður Skúlason, fara með aðalhlutverkin og kryfja verkið til mergjar. Hitt verkið er SAGA Wakka Wakka-leikhópsins, brúðuleikhús sem fjallar á grátbroslegan hátt um Íslendingasögu, sögu Gunnars Oddmundssonar, sem lenti illa í hruninu 2008 og dreymir um réttlæti. Verkið Der Klang der Offenbarung des Göttlichen eftir þá Kjartan Ragnarsson myndlistarmann og Kjartan Sveinsson tónlistarmann verður sýnt í Borgarleikhúsinu, en verkið, sem er leikhús án leikara, var frumsýnt í Volksbühne-leikhúsinu í Berlín í febrúar á þessu ári.

„Opnunaratriði hátíðarinnar er nýtt verk, Turyia, eftir Högna Egilsson, pantað sérstaklega af Listahátíð í Reykjavík.“

Nýjasta verk Matthew Barney, River of Fundament, er sex klukkustunda löng kvikmynd sem byggð er á skáldverki Normans Mailer, Ancient Evenings. Verkið tók sjö ár í vinnslu, en myndina vann Barney í samstarfi við tónskáldið Jonathan Bepler. Myndin verður sýnd aðeins einu sinni á Listahátíð í Laugarásbíói.



Listamannaspjall
Franski rithöfundurinn Michel Butor mun spjalla við gesti hátíðarinnar í Þjóðarbókhlöðunni.



Rúsínan í pylsuendanum
Lokaverk hátíðarinnar í ár er Flugrákir eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur.

Myndlistarsýningar og hljóðgöngur

Myndlistarsýningar verða opnaðar víðs vegar um borgina í hinum ýmsu söfnum og galleríum út alla hátíðina. Þar má nefna The Five Live Lo FI, í Kling og Bang, Spegil lífsins, sýningu Ragnars Axelssonar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Hringiðu, sýningu sex listamanna í Listasafni Árnesinga í Hveragerði, Kortlagninu lands, sýningu Hildar Bjarnadóttur í Hverfisgallerii, Lusus naturae í Hafnarborg og Í þínar hendur, vinnustofu listamanna, hönnuða og tölvunarfræðinga í Spark Design þar sem þrívíð prenttækni kemur við sögu. Á sýningunni Píanó í Listasafni Íslands verður hljóðfærið skoðað í samfélagi nútímans, en fjölmargir listamenn úr ýmsum geirum eiga verk á sýningunni. Sýningu á verkum Hreins Friðfinnssonar og mynd um listamanninn verður hægt að skoða í Nýlistasafninu og í Árbæjarsafni verður opnuð sýning sem sækir innblástur í starfsemi Suðurgötu 7 á árunum 1977–1982.

Af öðrum viðburðum hátíðarinnar má nefna hljóðgöngu hljóðlistarhópsins Innra eyra um Austurbæjarskóla, bókasýningu og listamannaspjall við franska rithöfundinn Michel Butor í Þjóðarbókhlöðunni og síðast en ekki síst lokaverk hátíðarinnar, Flugrákir, eftir Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur. Í verkinu munu tvær listflugvélar teikna form Guðseindarinnar yfir Kollafirði og kórinn Katla túlkar ferðalag þeirra á jörðu niðri.

Hægt er að finna ítarlegar upplýsingar um dagskrána á www.listahatid.is.



Konráð Jónsdóttir
lögfræðingur

Konni er en pige

Konráð Jónsson skrifar um hvernig misritun á nafni hans varð að innri umræðu sem ekki sér fyrir endann á.

Móðir mín vildi að ég yrði stelpa, þar sem hún var þegar búin að eignast tvo stráka. Mér finnst þetta skiljanlegt, enda hlýtur það að vera vilji hvers foreldris að afkvæmaflóran verði sem fjölbreyttust, þó að ef til vill sé ómögulegt að hún verði að Benetton-auglýsingu nema með hjálp góðra manna sem eru af ýmsu bergi brotnir. Niðurstaðan var strákur en móðir mín tjáir mér að hún hafi verið ánægð með þá niðurstöðu sem kom í fangið á henni og kyn skipti ekki lengur máli. Ég trúi henni. Svo eignaðist hún stelpu tveimur árum síðar, þannig að allt blessaðist.

Allt sem þú lest um standandi þvaglát er lygi

Ýmislegt er hægt að læra af konum. Þær konur sem ég þekki til eru að mörgu leyti pragmatistar. Þær pissa sitjandi af því að það er ekki hreinlátt að pissa standandi og þær ganga um með stór veski sem þær geyma alls konar dót í. Ég tilkynni lesendum mínum hér og nú að ég á það sameiginlegt með Þorgrími Þráinssyni að við erum karlmenn sem pissa sitjandi. Svo lengi lærir sem lifir og ég byrjaði á þessu eftir

að ég hóf rekstur á eigin heimili. Ég hafna því að karlmenn hafi gott vald á því öllum stundum að hitta ofan í klósettskálina og það er ömurlegt að þrífa piss af klósettgólfi. Mér er tjáð að sitjandi þvaglát hafi aðra kosti, svo sem að það tæmi blöðruna betur, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það. En sumir telja þetta ekki vera karlmannlegt.

„Þegar ég fékk pistil fyrst birtan hér í Kjarnanum gerði umbrotsmaður mistök og nefndi mig Konráð Jónsdóttur í fyrirsögn. Mér skilst að allt hafi ætlað um koll að keyra hjá ritstjórninni og allt kapp hafi verið lagt á að lagfæra þessa villu. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þessi villa óþægileg. Síðan þá hef ég mikið velt því fyrir mér af hverju.“

Þeir sömu telja það vart karlmanni sæmandi heldur að ganga um með veski, en ég fékk mér slíkt um daginn þegar ég var orðinn þreyttur á að fylla vasana mína af seðlaveski, lyklum og risastóra símanum mínum sem jaðrar við að vera spjaldtölva. Það er nú meiri snilldin, skal ég segja ykkur. Ég þarf ekki lengur að vera með neitt í vösunum þannig að mér líður eins og Bandaríkjaforseta, ímynda ég mér, fyrir utan það að hann er ekki með veski heldur geymir lyklana og símana hjá undirmönnum sínum. Það mætti segja að veskið sé tímabundin lausn þangað til ég hef efni á að ráða mannlegt veski til að geyma alla hlutina fyrir mig. Karlmannsveskið mitt vekur oft athygli. Þetta þykir vera pínulítið óvenjulegt, en það mótmælir því enginn hvað þetta er þægilegt.

Baráttan milli góðs og dólgs

Þegar ég fékk pistil fyrst birtan hér í Kjarnanum gerði umbrotsmaður mistök og nefndi mig Konráð Jónsdóttur í fyrirsögn. Mér skilst að allt hafi ætlað um koll að keyra hjá ritstjórninni og allt kapp hafi verið lagt á að lagfæra þessa villu. Ég verð að viðurkenna að mér fannst þessi villa óþægileg. Síðan þá hef ég mikið velt því fyrir mér af hverju. Er það niðurlægjandi fyrir karlmann að vera kallaður kona, eða stafaði vanlíðanin einfaldlega af því að rangt var farið með nafn mitt? Hvernig hefði mér liðið ef það hefði staðið „Konráð Hermannsson“?

Ég á mjög erfitt með að segja til um hversu óþægilegt það sé í samanburði við hitt. Innra með mér hefur farið fram freudískt samtal á milli hinna mismunandi hliða sjálfsins. „Sæll, Frumhvata-Konráð, Rökhugsunar-Konráð hér. Af hverju finnst þér óþægilegt að vera kallaður dóttir en ekki son? Er eitthvað að því að vera kona?“ Þessi umræða stendur enn yfir og hefur ekki skilað niðurstöðu.

Fyrirsögn þessa pistils er fengin úr dönskutíma sem ég sat einhvern tímann í fyrndinni, þegar nemendurnir voru fengnir til að semja einfaldar málsgreinar á dönsku og bekkjarfélagi minn smíðaði þessa. Öðrum, þar á meðal mér, þótti hún fyndin í einfaldleika sínum en mér fannst hún vera niðurlægjandi. Aftur: Af hverju? Það er ekkert verra að vera kona en karl. Ég virðist hafa brotið niður þessa fordóma innra með mér að mörgu leyti með karlmannsveskinu mínu og því að pissa sitjandi, en það situr enn eftir einhver dólgur sem vill ekki láta bjóða sér að kvengera sig. Til að hjálpa Rökhugsunar-Konráði í þessari baráttu við Frumhvata-Konráð óskaði ég vinsamlega eftir því að villan í nafninu mínu yrði endurvakin í tilefni þessa pistils. Gjörið þið svo vel.